V/4.1

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | SKÝRSLA<br>YFIRHEYRSLA<br>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR | RLS |
|---|---|---|
| Skýrslu gerir: Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi | | Mál nr.: 006-2002-0086 |
| Staður og stund: Reykjavík - fimmtudaginn 29. ágúst 2002. Klukkan 15:07 | | |
| Sakarefni: Fjárdráttur - umboðssvik | | |
| Sakborningur/grunaður: Jón Ásgeir Jóhannesson | | Kennitala: 270168-4509 |
| Starf/staða: Stjórnarformaður Baugs group hf. | | Vinnusími: 530-5520 |
| Lögheimili: Laufásvegur 69, Reykjavík | | Sími: 696-9999 |
| Dvalarstaður: sami | | Sími: |

Jón Ásgeir er mættur til yfirheyrslu hjá efnahagsbrotadeild RLS samkvæmt boðun. Honum er kynnt sakarefnið, að hann sé grunaður um aðild að fjárdrætti og umboðssvikum. Ætluð brot tengjast fjármögnun og rekstri skemmtisnekkjunnar Thee Viking sem staðsett er í höfninni í Miami í Flórída, á árunum 2000 – 2002, en grunur leikur á að miklum fjármunum úr sjóðum Baugs hafi verið ráðstafað til að greiða fyrir persónulegan eignarhlut Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Jóhannesar Jónssonar í snekkjunni.

Jóni Ásgeiri er kynnt að sem sakborningi sé honum óskylt að svara spurningum um sakarefnið eða skýra sjálfstætt frá nokkru er það varðar. Áminntur um sannsögli varðandi þau atriði sem hann kýs að tjá sig um og fyrir honum brýnt að draga ekkert það undan sem máli kann að skipta. Ennfremur, að hann eigi rétt á að óska skipunar verjanda við lögreglurannsókn málsins.

Jón Ásgeir kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og óskar þess að Helgi Jóhannesson, hrl. verði skipaður verjandi hans í þessu máli.

Jón Ásgeir er beðinn um að taka afstöðu til sakarefnisins.

Jón Ásgeir kveðst neita sök. Hann kveðst ekki geta séð það hvernig hann geti verið grunaður um fjárdrátt í tengslum við rekstur báts sem hann eigi ekkert í.

Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir aðkomu sinni að viðskiptum með bátinn Thee Viking sem staðsettur er í Miami í Flórída.

Jón Ásgeir segir að Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf. hafi lánað Jóni Geraldi u.þ.b. 38 milljónir króna vegna viðskipta Jóns Geralds, meðal annars vegna fjármögnunar á þessum báti. Hann kveðst ekki geta greint frá því nákvæmlega á hvaða tímabili Jóni Geraldi var veitt þetta lán, hann sé ekki alveg klár á því. Jón Ásgeir segir að þessi fjárhæð 38 milljónir standi sem skuld á viðskiptamannareikningi Jóns Geralds hjá Gaumi ehf.

Jón Ásgeir kveðst hafa fengið afnot af þessum báti og telur að hann hafi samanlagt verið í u.þ.b. 4-5 vikur á bátnum á tímabilinu frá 1999 til dagsins í dag.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra frá stöðu sinni og starfssviði hjá Baugi Group hf.

Jón Ásgeir kveðst vera starfandi stjórnarformaður Baugs Group hf og sé hann fulltrúi aðaleigenda félagsins. Hvað dagleg störf varðar þá kveðst hann hafa umsjón með daglegum rekstri, auk þess sem hann sinni ýmsum hliðarmálum tengdum Baugi hf.

S. Mag 13-7-98

006925

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi eitthvað með reikningsfærslu eða greiðslu reikninga að gera hjá Baugi hf.

Jón Ásgeir kveðst ekkert hafa með reikningsfærslu að gera, né greiðslu reikninga. Hann kveðst þó staðfesta þá reikninga sem tengist honum með beinum hætti.

Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir tengslum sínum við Jón Gerald Sullenberger.

Jón Ásgeir kveðst hafa kynnst Jóni Geraldi í kringum 1992-1993 þá hafi þeir byrjað í smávægilegum viðskiptum þar sem Jón Gerald hafi selt vörur til Bónus. Hann segir að þeir hafi orðið ágætis félagar á þessum tíma og skemmt sér saman. Jón Ásgeir segir samband þeirra hafa kólnað verulega þegar hann hafi hætt að geta treyst tölum frá Jóni Geraldi varðandi viðskipti þeirra og ekki lengur getað treyst því sem Jón Gerald sagði. Jón Ásgeir kveðst ekkert fleira hafa um samskipti sín og Jóns Geralds að segja. Hann telur þó rétt að það komi fram að Jón Gerald sé búinn að hafa í hótunum við sig og fjölskyldu sína, eftir að Baugur-Aðföng hf. sleit viðskiptum við fyrirtæki hans Nordica Inc.

Jóni Ásgeiri er kynnt að efnahagsbrotadeild RLS hafi verið afhent bókhaldsgögn frá Jóni Geraldi Sullenberger sem sögð eru varða fjármögnun og rekstur bátsins Thee Viking fyrir árið 2002. Í þeim gögnum eru sölureikningar frá fyrirtækinu Nordica Inc. í Flórída sem bera með sér að hafa verið greiddir úr sjóðum Baugs hf. Um er að ræða eftirfarandi greiðslur:

**Greiðslur frá Baugi - Árið 2002.**

| Dagsetning | Fjárhæð USD | Greiðandi | Móttakandi |
|---|---|---|---|
| 14.01.2002 | 12.438,81 | Baugur | Nordica Inc. |
| 12.02.2002 | 12.313,58 | Baugur | Nordica Inc. |
| 14.03.2002 | 11.980,00 | Baugur | Nordica Inc. |
| 05.04.2002 | 11.980,00 | Baugur | Nordica Inc. |
| 03.05.2002 | 11.980,00 | Baugur | Nordica Inc. |
| 29.05.2002 | 16.789,00 | Baugur | Nordica Inc. |
| **Samtals greitt:** | **77.481,39** | | |

Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessum greiðslum Baugs hf. til Nordica Inc.

Jón Ásgeir kveðst geta gert grein fyrir þessum greiðslum Baugs hf til Nordica Inc. Hann tekur það fram að rekstur Nordica Inc hafi ekki gengið sem best, síðustu misseri. Jón Ásgeir segir að Baugur hf hafi hins vegar haft trú á þessum rekstri hans og viljað virkja hann áfram til að koma Baugi hf í sambandi við nýja viðskiptamenn í Bandaríkjunum.

Þannig hafi verið gert samkomulag við Jón Gerald þess efnis að Baugur hf styrkti Jón Gerald í sínum rekstri með beinum fjárframlögum gegn því að hann veitti þeim þá þjónustu að leita áfram að vænlegum viðskiptatengslum í Bandaríkjunum. Jón Ásgeir segir þessar greiðslur sem bornar hafa verið undir hann sé sá styrkur sem Jón Gerald hafi fengið frá Baugi hf. Jón Ásgeir kveðst ekkert vita hvernig Jón Gerald hafi ráðstafað þessum fjármunum, hann hafi alfarið ráðið því sjálfur. Þess vegna kveðst Jón Ásgeir ekkert vita um það hvort Jón Gerald hafi notað þessa fjármuni í bátinn eða eitthvað annað.

Jón Ásgeir vill taka það fram að stór kreditfærsla hafi komið frá Nordica Inc. þann 30.08.2001, þar sem Nordica Inc. sé að slá af viðskiptakröfum sínum gagnvart Baugi hf samtals að fjárhæð 589.890,- USD. Komi það á móti þessum styrkgreiðslum Baugs hf til Nordica Inc. Þannig hafi þessi viðskipti þeirra



J. Mag 17.7.2003

06926

verið jöfnuð út að mestu, þó halli ennþá á Baug hf um 7,5 milljón króna. Til að skýra þetta nánar segir Jón Ásgeir að mismunurinn á því sem þeir hafi greitt til Nordica Inc í formi ráðgjafar og kreditfærslunni séu 7,5 milljónir króna.

Jón Ásgeir segir að þessi kreditreikningur frá Nordica Inc. hafi verið fært sem tekjur í bókhaldi Baugs hf, en sé ennþá ógreiddur. Hann segir að þessi krafa Baugs hf á Nordica Inc. sé komin í innheimtu í Bandaríkjunum.

Jón Ásgeir leggur fram þann reikning sem varðar þessa kreditfærslu í þágu rannsóknar málsins. Auk þess leggur hann fram bréf frá KPMG dagsett þann 29.08.2002, sem skýri þennan reikning nánar.

Jón Ásgeir er spurður hvernig farið hafi verið með þennan kreditreikning í bókhaldi Baugs hf, þar sem efni reikningsins gefur til kynna að verið sé að veita afslátt vegna vöruskemmda og rýrnunar á vörum frá Nordica Inc. Nú hafi ekkert komið fram um það að Nordica Inc hafi selt Baugi hf vörur heldur Aðföngum. Jón Ásgeir er því spurður hvort ekki hefði verið eðlilegra að kreditreikningurinn hefði verið stílaður á Aðföng sökum þess að texti reikningsins gefi til kynna að um sé að ræða reikning tengdan vörusölu/vörukaupum.

Jón Ásgeir segir Tryggva hafa séð um þessi mál. Hann segir sá að eftirágreiddur afsláttur berst oft til aðalskrifstofu - Baugs hf og nefnir sem dæmi Ávaxtahúsið hf sem hafi veitt eftirágreiddan afslátt sem hafi farið í gegnum Baug hf.

Jóni Ásgeiri er kynnt að þessi kreditreikningur hafi ekki fundist við leit í bókhaldi Baugs hf. sem framkvæmd var af lögreglu og endurskoðendum í gær. Hann er spurður um skýringu á því.

Jón Ásgeir kveðst ekki vita ástæðu þess. Þó sé klárt að bókhaldsfærslan hafi verið skráð í bókhaldkerfi Baugs hf. Jón Ásgeir kveðst geta sér þess til að ef þessi reikningur hafi ekki fundist í bókhaldi Baugs hf geti verið að það sé vegna þess að verið sé að senda þennan reikning í innheimtu.

Jóni Ásgeiri er kynnt skjal málsins nr. II/6.1, sem er útprentun á tölvupóstsamskiptum Jóns Geralds og Tryggva Jónssonar og virðast varða kreditreikninginn. Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti skýrt þessi tölvusamskipti.

Jón Ásgeir kveðst telja víst að Tryggvi séð að þakka Jóni Geraldi fyrir skjót viðbrögð við útgáfu kreditreikningsins og ekkert annað.

Jóni Ásgeiri er kynnt að efnahagsbrotadeild RLS hafi jafnframt verið afhent bókhaldsgögn sem sögð eru varða fjármögnun og rekstur bátsins Thee Viking fyrir árið 2001. Í þeim gögnum eru sölureikningar frá fyrirtækinu Nordica Inc. í Flórída sem bera með sér að hafa verið greiddir úr sjóðum Baugs hf. Um er að ræða eftirfarandi greiðslur:

**Greiðslur frá Baugi - Árið 2001.**

| Dagsetning | Fjárhæð USD | Greiðandi | Móttakandi |
|---|---|---|---|
| 31.01.2001 | 12.247,50 | Baugur | New Viking Inc. |
| 14.02.2001 | 11.977,50 | Baugur | New Viking Inc. |
| 14.02.2001 | 2.310,83 | Baugur | New Viking Inc. |
| 09.03.2001 | 11.985,00 | Baugur | New Viking Inc. |
| 11.04.2001 | 15.798,23 | Baugur | New Viking Inc. |
| 07.05.2001 | 11.975,00 | Baugur | New Viking Inc. |
| 12.06.2001 | 12.000,00 | Baugur | Nordica Inc. |

J. Mae 13-7-9813



069?7

| | | | |
|---|---|---|---|
| 27.07.2001 | 11.980,00 | Baugur | New Viking Inc. |
| 02.08.2001 | 12.760,00 | Baugur | New Viking Inc. |
| 18.09.2001 | 14.157,67 | Baugur | New Viking Inc. |
| 03.10.2001 | 13.189,99 | Baugur | New Viking Inc. |
| 13.11.2001 | 11.980,00 | Baugur | Nordica Inc. |
| 05.12.2001 | 12.227,00 | Baugur | Nordica Inc. |
| **Samtals greitt:** | **154.588,72** | | |

Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessum greiðslum Baugs hf. til Nordica Inc.

Jón Ásgeir segir sömu skýringar eiga við þessar greiðslur og hann hafi þegar greint frá varðandi greiðslurnar árið 2002. Jón Ásgeir kveðst hins vegar ekki vita til þess að nokkur reikningur frá New Viking hafi borist Baugi hf. Allir reikningar sem Jón Gerald hafi sent Baugi hf. hafi verið í nafni Nordica Inc.

Jóni Ásgeiri er kynnt að efnahagsbrotadeild RLS hafi jafnframt verið afhent bókhaldsgögn sem sögð eru varða fjármögnun og rekstur snekkjunnar Thee Viking fyrir árið 2000. Í þeim gögnum eru sölureikningar frá fyrirtækinu Nordica Inc. í Flórída sem bera með sér að hafa verið greiddir úr sjóðum Baugs hf. Um er að ræða eftirfarandi greiðslur:

**Greiðslur frá Baugi - Árið 2000.**

| Dagsetning | Fjárhæð USD | Greiðandi | Móttakandi |
|---|---|---|---|
| 24.01.2000 | 7.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 02.03.2000 | 7.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 28.03.2000 | 7.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 18.04.2000 | 7.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 15.05.2000 | 7.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 31.05.2000 | 139.155,51 | Baugur | Nordica Inc. |
| 16.06.2000 | 7.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 17.07.2000 | 11.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 21.08.2000 | 11.977,50 | Baugur | New Viking Inc. |
| 13.09.2000 | 11.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 10.10.2000 | 11.977,50 | Baugur | New Viking Inc. |
| 17.10.2000 | 615,81 | Baugur | New Viking Inc. |
| 09.11.2000 | 11.977,50 | Baugur | New Viking Inc. |
| 26.12.2000 | 11.977,50 | Baugur | New Viking Inc. |
| **Samtals greitt:** | **259.501,32** | | |

Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessum greiðslum Baugs hf til Nordica Inc.

Jón Ásgeir segir sömu skýringar eiga við þessar greiðslur og hann hafi þegar greint frá varðandi greiðslurnar árið 2002. Jón Ásgeir kveðst hins vegar ekki vita til þess að nokkur reikningur frá New Viking hafi borist Baugi hf. Allir reikningar sem Jón Gerald hafi sent Baugi hf. hafi verið í nafni Nordica Inc.

Jón Ásgeir kveðst vilja taka það fram varðandi greiðsluna frá Baugi hf þann 31.05.2000 að fjárhæð 139.155,51 USD þá segir Jón Ásgeir að það tengist því að reksturinn á Nordica Inc hafi staðið mjög illa



06928

og verið í miklum taprekstri á þessum tíma og því hafi Baugur hf ákveðið að greiða Nordica Inc þessa fjárhæð til að jafna út taprekstur þess, sem kom til vegna nýrra laga um vörumerkingar á Íslandi.

Jón Ásgeiri er bent á að í bókhaldi Jóns Geralds vegna bátsins séu útgefnir reikningar í nafni Nordica Inc stílaðir á Baug hf en greiddir inn á bankareikning New Viking Inc í Bandaríkjunum. Hann er spurður hvort hann geti skýrt það.

Jón Ásgeir kveðst ekki kunna neina skýringu á því. Útgefnandi reikningsins hlítur að bera ábyrgð á því inn á hvaða bankareikning eigi að leggja greiðsluna. Þá segir Jón Ásgeir að hann hafi ekki móttekið þessa reikninga frá Nordica Inc, né haft með samþykki þeirra að gera. Þannig hafi þessi greiðslumáti ekkert haft með hann að gera.

Jón Ásgeiri er einnig kynnt að lögregla hafi fengið afhenta útprentun úr tölvupósti Jóns Geralds Sullenberger sem varði tölvusamskipti Tryggva við Jón Gerald vegna bátsins.

Undir Jón Ásgeir er borin útprentun úr tölvupósti, skjal málsins nr. II/7.2, sem virðist hafa verið sendur úr netfanginu tryggvi@baugur.is og sendur á Jón Gerald Sullenberger þann 8. maí 2002. Þar má lesa í greinaskilum sem merkt eru 3.:

*"3. Samkvæmt efnahagsreikningi New Viking nema skuldir í árslok 2001 $774 þús. Á því ári voru greiddar $144 þús. í reksturinn, þar af fóru $56 þús. í afborganir og fjárfestingar, $55 þús. í vexti og rest í rekstarkostnað. Skuldir í ársbyrjun voru því $816 þús. Sama gildir með árið 2000, þ.e. afborganir og rekstur hefur verið greiddur héðan."*

Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessu, en ekki er hægt að lesa annað úr út þessum texta en að Tryggvi sé að tala um greiðslur vegna afborgana og rekstrurs bátsins á Flórída.

Jón Ásgeir segir það ekkert launungarmál að það hafi oft verið rætt við Jón Gerald að breyta þessu láni Gaums ehf til Nordica Inc að fjárhæð 38 milljónir króna í hlutafé í bátnum. Þannig geti þessi tölvusamskipti Tryggva og Jóns Geralds.

Undir Jón Ásgeir er áfram borin útprentun úr sama tölvupósti, skjal málsins nr. II/7.2, sem virðist hafa verið sendur úr netfanginu tryggvi@baugur.is og sendur á Jón Gerald Sullenberger þann 8. maí 2002. Þar má lesa áfram lesa í texta sem virðist stafa frá Tryggva eftirfarandi:

*"Ég legg því til að þú fáir $ 200 þús.* (fyrir bátinn) *Miðað við $ 1.400 þús. verðmæti þýðir þetta 37% eignarhlut miðað við ársbyrjun 2000, en frá þeim tíma hefur kostnaður verið greiddur hér að mestu. Þetta er umtalsvert hærri eignarhlutur en þú fórst upphaflega fram á, svo ekki sé minnst á hugmyndir JÁJ í því sambandi. Ég vona að þér finnist þetta sanngjörn lausn."*

Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessu, en ekki er hægt að lesa annað úr út þessum texta en að hann sé að tala um greiðslur vegna kostnaðar við bátinn hafi verið greiddar af Baugi hf.

Jón Ásgeir segir að þarna sé verið að ræða þær hugmyndir að breyta 38 milljón króna láninu í hlutafé í bátnum og sökum þess hafi verið rætt hvernig eignahluturinn myndi skiptast á milli Gaums ehf annars vegar og Jóns Geralds eða Nordica Inc hins vegar.

Jón Ásgeir kveðst ekki vita hvað átt sé við í þessum texta tölvupóstins þar sem Tryggvi er að nefna það að *"kostnaðurinn hafi verið greiddur hér að mestu"*.

J. Mag 1.7.-98[illegible]



06928

Undir Jón Ásgeir eru borin tölvusamskipti, skjal málsins nr. II/7.3, sem virðast hafa átt sér stað milli Tryggva og Jóns Geralds þann 13. maí 2002. Tryggva virðist berast tölvupóstur frá Jóni Geraldi þar sem segir:

*"Sæll Tryggvi báturinn var að koma úr slipp, þetta er það árlega sem þarf að gera or er þetta total $ 16,808,80 hvernig viltu að ég sendi þér reikninginn."*

Jafnframt er undir Jón Ásgeir borið svar Tryggva við þessum tölvupósti frá Jóni Geraldi, sent sama dag:

*"Var ekki gert ráð fyrir þessu í $12.000 fjárhæðinni? Ég hélt að þegar við vorum að ákveða þá fjárhæð þá hefðum við tekið allan rekstrarkostnaðinn með. Þar með talið þetta. Er þetta misskilningur hjá mér?"*

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi eitthvað um þessi tölvusamkipti Tryggvi og Jóns Geralds að segja.

Jón Ásgeir kveðst fullyrða að það hafi engir reikningar frá New Viking Inc verið greiddir af Baugi hf. Jón Ásgeir segir að Baugur hf hafi greitt reikningana frá Nordica Inc. eins og hann hafi áður skýrt frá vegna ráðgjafaþjónustu Jóns Geralds og kveðst ekki geta fullyrt neitt um það hvort Jón Gerald hafi notað þá peninga í bátinn eða eitthvað annað. Jón Ásgeir kveðst ekkert frekar hafa um þetta að segja.

Undir Jón Ásgeir eru borin skjöl málsins nr. II/3.32.1 - 3.32.3 en það er símbréf Nordica Inc til Baugs hf dagsett 22.05.2002, reikningur Nordica Inc til Baugs að fjárhæð 16.808,80 dagsettur 22.05.2002 og staðfesting frá Bank of America á swift greiðslu til Nordica Inc frá Baugi hf þann 29.05.2002. Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti skýrt þessa greiðslu, en ekki verður annað séð en um sé að ræða reikning vegna slippkostnaðar á bátnum.

Jón Ásgeir segir að Baugur hf hafi verið að greiða það sem komi fram á reikningnum frá Nordica Inc, ráðgjafarþjónust til Jóns Geralds. Jón Ásgeir segir alveg klárt að Baugur hf starfi þannig að það sé greitt samkvæmt þeim reikningum sem þeim berist, en ekki eitthvað annað ótengt því.

Áfram er borið undir Jón Ásgeir tölvusamskipti, skjal málsins nr. II/7.4, sem virðast vera milli Tryggva og Jóns Geralds. Um er að ræða tölvupóst frá Tryggva úr netfanginu tryggvi@baugur.is þann 12. maí 2002. Þar kemur eftirfarandi fram:

*"Ég er búinn að ræða þessar hugmyndir við feðgana og samþykkja þeir tillöguna. Næsta skref er að ganga frá pappírsmálum, einkum vegna Thee Viking. Jafnframt verða skuldir yfirteknar, sem þú ert í ábyrgð fyrir.*

*Samtal eru þetta $350 þús. sem á að greiða þér auk þess að losa þig undan ábyrgðum. Á móti kemur yfirlýsing frá þér um að allar skuldbindingar okkar vegna Nordica séu uppgerðar og síðan framsal hlutabréfanna. Ég fer í það á morgun að útvega bankaábyrgðir vegna Thee Viking og hef síðan samband við lögfræðinginn sem við hittum til að klára pappírsmálin."*

Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti skýrt þessi tölvusamskipti.

Jón Ásgeir kveðst vitna í það sem hann hafi áður nefnt í þessari yfirheyrslu, í þessum tölvupósti sé verið að ræða uppgjör varðandi 38 milljón króna skuld Jóns Geralds við Gaum efh. Það hafi oft verið rætt um að að gera þá skuld upp með þeim hætti að Jón Gerald afsalaði sér eignarhlut í bátnum upp í kröfu Gaums ehf. Þá tengist þetta einnig samkomulagi um greiðslu á kreditreikningnum sem Nordica Inc sendi Baugi á ágúst 2001.

J. Mag 13-7. 9813



006930

Jón Ásgeir er spurður að ástæðu þess að Tryggvi sem fjármálastjóri Baugs hf sé að ræða uppgjör á bátnum við Jón Gerald. Viðskipti með bátinn virðast fremur tengjast uppgjöri á kröfu Gaums ehf gagnvart Jóni Geraldi, að orðum Jóns Ásgeirs að dæma fremur en Baugi hf.

Jón Ásgeir segir aðild Tryggva að þessum málum skýrast á kreditreikningnum sem hann hafi skýrt frá. Tryggvi hafi aðallega verið að vinna að því að fá þann reikning greiddan.

Undir Jón Ásgeir er borið skjal málsins nr. II/7.11, en það er útprentun á tölvupóstsamskiptum sem Tryggvi átti við Jón Gerald þann 17. mars 2001, en þar má lesa eftirfarandi úr tölvupóstinum frá Jóni Geraldi til Tryggva:

*"Sæll Tryggvi getur þú látið mig vita hvort búið er að senda fyrir viking þar sem ég er búinn að ganga frá öllu og svo er báturinn í slipp og ég þarf að ganga frá því í næstu viku."*

Þá má einnig sjá svar Tryggva við tölvupóstinum frá Jóni Geraldi:

*"Ég hef sent frá mér alla reikningana (löngu áður en ég kom út). Það á því örugglega að vera búið að greiða allt. Ég mun double tékka á mánudag."*

Jón Ásgeir er beðinn um að taka afstöðu til þessara samskipta þeirra Jóns Geralds og Tryggva.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta skýrt þessi samskipti. Hann segir þó alveg ljóst að Baugur hf hafi aldrei greitt neitt í þessum bát. Baugur hf hafi sent Jóni Geraldi greiðslur til að styrkja hann og stuðla að uppbyggingu Nordica Inc, eins og þegar hafi komið fram.

Undir Jón Ásgeir er borið skjal málsins nr. II/7.14 sem er útprentun úr tölvupóstsamskiptum sem Kristín Jóhannesdóttir virðist hafa átt við Jón Gerald en þar kemur eftirfarandi fram í tölvupósti:

*" Sæll.*
*Ég hef ekkert fengið frá þér vegna Vísareikn. Reikn. sem er til greiðslu nú um mánaðamót er um kr. 195.000.- Ég átta mig ekki á þessum kostnaði þar sem þú færð senda $12.000 á mánuði frá Tryggva til greiðslu á bátakostnaði. Ég er að greiða um það bil kr. 2,4 millj. á ári í Vísareikn. vegna báts. Ég vil fá skýringar á þessu sundurliðanir á kostnaði (afborganir, viðhald, kostn. vegna bátalegu) allt sem viðkemur þessum bát. Við skulum fá þetta á hreint.*

*Kveðja,*
*Kristín."*

Jón Ásgeir er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Jón Ásgeir kveðst þekkja þessa 2,4 milljóna króna greiðslu á ári vegna VISA reiknings. Um sé að ræða hafnarleigu vegna bátsins. Jón Ásgeir kveðst hafa greitt hafnarleigu þann tíma sem hann hafi notað bátinn og hafi það verið greitt með VISA korti í nafni Gaums ehf.

Varðandi 12.000,- USD greiðsluna sem Kristín nefnir þá kveðst Jón Ásgeir telja víst að Kristín sé að ræða um þennan almenna rekstarstyrk sem sendur var Jóni Geraldi í hverjum mánuði. Enn og aftur ítrekar Jón Ásgeir að hvorki Gaumur ehf. né Baugur hf hafi greitt beinan kostnað vegna bátsins. Einungis tilfallandi kostnað þegar Jón Ásgeir hafi fengið afnot af bátnum.

Undir Jón Ásgeir er borið skjal málsins nr. II/5.3 sem er ritvinnsluskjal með minnispunktum varðandi bátinn. Á blaðið hafa einnig verið skrifaðar athugasemdir og fjárhæðir. Jón Ásgeir er spurður hvort hann þekki skjalið.

13-7-2003



06931

Jón Ásgeir kveðst fyrst hafa séð þetta skjal fyrir tveimur vikum síðan, þegar hann hafi fengið skjalið sent í símbréfi sem hótunarbréf frá Jim Schafer. Að öðru leyti kveðst hann ekki þekkja skjalið.

Aðspurður um efnisinnihald skjalsins þá segir Jón Ásgeir að það hafi oft verið rætt um að breyta kröfu Gaums ehf á hendur Jóni Geraldi í eignarhlut í bátnum. Þá hafi verið rætt hvernig eignarskiptingin eigi að vera milli Jóns Geralds og Gaums ehf.

Jóni Ásgeiri er bent á það að í skjalinu komi fram skipting eignarhlutar á milli JGS annars vegar og JJ/JÁJ hins vegar. Hann er beðinn um að gera grein fyrir þessu.

Jón Ásgeir segir þeir feðgar sé oft nefndir þegar verið sé að ræða um félög þeim tengdum. Þannig geti verið eðlileg skýring á því að upphafstafirnir þeirra sé þarna nefndir fremur en Gaumur ehf. Fleira geti hann ekki sagt um skjalið.

Jón Ásgeir er spurður út í félagið Miramar sem nefnt er í skjali II/5.3 varðandi afsal á 70 - 75% eignarhluta í Thee Viking til Miramar.

Jón Ásgeir kveðst ekki kannast við félagið Miramar, þó hafi hann heyrt þetta nafn áður.

Jóni Ásgeiri er kynnt að Jón Gerald hafi í sínum framburði hjá lögreglu skýrt frá því að þeir Jón Gerald, Jóhannes, Jón Ásgeir og Tryggvi hafi farið til Bahamas og þar hafi þeir Tryggvi, Jóhannes og Jón Ásgeir stofnað þetta félag Miramar. Jón Ásgeir er spurður hvort svo hafi verið.

Jón Ásgeir kveðst kannast við það að hafa farið með þessum mönnum til Bahamas til að stofna þar "off shore" félag. Hann kveðst þó ekki muna hvort nokkuð hafi orðið úr því. Jón Ásgeir segir langt um liðið síðan þessi ferð hafi verið farin, það hafi verið á þeim tíma þegar hann hafi átt Bónus.

Jóni Ásgeiri er kynnt að í bókhaldsgögnunum frá Jóni Geraldi og samantektum hans sé að finna upplýsingar um það að Tryggvi og Jón Ásgeir hafi báðir verið með American Express greiðslukort á nafni Nordica Inc og Jón Gerald gefið þær skýringar hjá lögreglu að hann hafi innheimt kostnaðinn vegna greiðslukortanotkunar með reikningi á Baug hf. Jón Ásgeir er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Jón Ásgeir kveðst kannast við það að hafa verið með American Express greiðslukort í gegnum Nordica Inc. sökum þess að þurft hafi að tengjast einhverju félagi í Bandaríkjunum til að fá slíkt kort. Jón Ásgeir kveðst hafa notað þetta kort á þeim tíma þegar hann hafi átt Bónus og hafi Bónus fengið reikninginn framsendan frá Nordica Inc og greitt hann. Jón Ásgeir kveðst ekki minnast þess að hafa notað þetta kort eftir að Baugur hf. varð til.

Klukkan 17:35 er gert hlé á yfirheyrslunni.

Jóni Ásgeiri er kynntur framburður Tryggva Jónssonar sem hann gaf hjá lögreglu í gærkvöldi en þar kom eftirfarandi fram þegar hann var spurður út bátinn:

*"Tryggvi kveðst telja að árið 1996 eða 1997 hafi kviknað hjá þeim Jóni Ásgeiri og Jóni Geraldi sú hugmynd að kaupa bát á Flórída sem þeir hafi ætlað að eiga saman, sem persónulega eign. Jón Ásgeir hafi sagt sér frá því að hann ásamt Jóhannesi Jónssyni hafi lagt fram fjármuni, að hann minni um 20 milljónir króna vegna kaupa á bátnum og Jón Gerald lagt fram fjármuni á móti. Þannig kveðst Tryggvi halda að þeir feðgar hafi átt að eiga helmingshlut í bátnum á móti Jóni Geraldi. Tryggvi kveðst einnig vita til þess að Jón Gerald hafi stofnað fyrirtæki utan um rekstur bátsins og hafi það fyrirtæki verið í hans eigu."*

J. Mag 13-7-9863



006932

Jón Ásgeir er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar Tryggva.

Jón Ásgeir segir alveg ljóst að þeir feðgar hafi aldrei átt neitt í þessum báti. Báturinn sé skráð eign Jóns Geralds. Hann segir það hafa komið til tals seinna að Gaumur ehf eignaðist hlut í bátnum upp í köfur þess á hendur Jóni Geraldi. Þannig segir hann Tryggva hugsanlega hafa tengt þetta saman á þennan hátt eins og oft sé þegar verið sé að ræða um fyrirtæki sem tengjast þeim feðgum að þeir séu nefndir en ekki fyrirtækið, Tryggi hafi að öllum líkindum verið að tala um Gaum ehf en ekki þá feðga persónulega.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Jón Ásgeir kveðst ekkert fleira hafa um málið að segja, hann hafi skýrt frá öllum málavöxtum eftir bestu getu og hafi engu við framburð sinn að bæta.

Skýrslutöku lauk kl. 18 45

Staðfest rétt eftir haft:

Jón Ásgeir Jóhannesson

Skýrsluna skráði:

S. I. Magnússon

Sveinn I. Magnússon

Viðstaddur skýrslutöku, yfirlestur og undirritun :

Birgir Jónasson

Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Verjandi Jóns Ásgeirs:

Helgi Jóhannesson, hrl.



06933

V/43

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | **SKÝRSLA**<br>YFIRHEYRSLA<br>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR | **R L S** |
|---|---|---|
| Skýrslu gerir: Erna Björg Jónmundsdóttir, lögreglufulltrúi | | Mál nr.: 006-2002-0086 |
| Staður og stund: Reykjavík, 11.03.2003 | | |
| Sakarefni: Ætluð brot á ákvæðum XXVI. kafla alm. hgl., bókhaldslaga, laga um ársreikninga, laga um hlutafélög ofl. | | |
| Sakborningur/grunaður: Jón Ásgeir Jóhannesson | | Kennitala: 270168-4509 |
| Starf/staða: Stjórnarformaður Baugs group ehf. | | Vinnusími: 530-5520 |
| Lögheimili: Laufásvegur 69, Reykjavík | | Sími: 696-9999 |
| Dvalarstaður: | | Sími: |

Jón Ásgeir er mættur á skrifstofu efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans skv. boðun. Honum er kynnt að til standi að yfirheyra hann um þann þátt þessarar rannsóknar sem snýr að viðskiptum með bát í Miami og tengsl hans og Baugs Group hf. við þau.
Með Jóni er mættur Helgi Jóhannesson hrl., en hann er skipaður verjandi Jóns.
Jóni er tjáð að hann sé hér með réttarstöðu sakbornings og þurfi ekki að svara spurningum sem varða það sakarefni sem að honum snýr en jafnframt er fyrir honum brýnt að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

Jóni er kynnt að yfirheyrslan verði hljóðrituð en hann síðan boðaður til að yfirfara endurrit og undirrita það þegar það liggur fyrir eftir nokkra daga. Þá geti hann borið endurritið saman við hljóðupptökuna.

Stjórnandi yfirheyrslunnar er Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn en honum til aðstoðar eru Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi og Erna Björg Jónmundsdóttir, lögreglufulltrúi.

Fyrir Jón Ásgeir eru lögð eftirtalin skjöl:
Starfsreglur stjórnar, dags. 07.02.1999
Skipurrit GÍR hf, ódagsett
Starfssamningur við Jón Ásgeir, dags. 18.06.1998 og annar dags. 20.11.2002.
Jón segir að skipuritið sé gamaltog ekki í gildi lengur, hafi raunar aldrei verið í gildi. Um starfssamningana segir hann að það vanti starfssamning fyrir þann tíma er hann starfaði sem stjórnarformaður Baugs group hf.

Hljóðupptaka hefst kl. 17:48

Kl. 18:40 er gert hlé á meðan skipt er um spólu 1 (hlið B) og geisladiska.
Yfirheyrslu haldið áfram kl. 18:45.

Kl. 18:58 er gert hlé á meðan Jóni Ásgeir kynnir sér gögn í málinu.
Yfirheyrslu er haldið áfram kl. 19:10.

Kl. 19:28 er gert matarhlé.
Yfirheyrslu er haldið áfram kl. 19:48

Kl. 20:06 er gert hlé á meðan skipt er um spólu.
Yfirheyrslu haldið áfram kl. 20:08.

06979

Kl. 20:48 er gert hlé á meðan skipt er um spólu 1 (hlið B) og geisladiska.
Yfirheyrslu haldið áfram kl. 20:57.

Kl. 21:33 lýkur hljóðupptöku.

Lauk kl. 21 40.

Upplesið staðfest rétt:

Skýrsluna skráði:

Viðstaddir yfirheyrsluna:



06980

V/4.3.1

Í dag er 11. mars 2003, klukkan er 17:48. Við erum stödd á skrifstofu efnahags-brotadeildar Ríkislögreglustjórans og hér fer fram yfirheyrsla yfir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, kt. 270168-4509. Hann er hér með réttarstöðu sakbornings í máli 006-2002-0086. Með honum er skipaður verjandi hans Helgi Jóhannesson hrl. Yfirheyrslunni stjórnar Arnar Jensson og með honum eru Sveinn Ingiberg Magnússon og Erna Björg Jónmundsdóttir, lögreglufulltrúar.

Það er gerð skrifuð skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram eru tekin þau réttarfarsákvæði sem að eiga við og um framkvæmd yfirheyrslunnar. Það er búið að kynna honum viðeigandi réttarfarsákvæði, sakborningnum og brýna fyrir honum að segja satt og rétt frá.

AJ. Í fyrsta lagi ætlum við að fara lauslega yfir það sem þú hefur sagt áður og hefur verið bókað eftir þér áður í yfirheyrslum. Þú varst yfirheyrður 29. ágúst og þá varstu beðinn að gera grein fyrir aðkomu þinni að viðskiptum með bátinn Thee Viking, sem er staðsettur í Miami í Florida. Ég ætla að vitna hérna beint í það sem að haft er eftir þér; Í fyrsta lagi, Jón Ásgeir segir; "að fjárfestingafélagið Gaumur hafi lánað Jóni Geraldi um það bil 38 milljónir, vegna viðskipta Jóns Geralds, meðal annars vegna fjármögnunar á þessum báti. Hann kveðst ekki geta greint frá því nákvæmlega á hvaða tímabili Jóni Geraldi var veitt þetta lán, hann sé ekki alveg klár á því. Jón Ásgeir segir að þessi fjárhæð 38 milljónir standi enn sem skuld á viðskiptareikningi Jóns Geralds hjá Gaumi hf. Jón Ásgeir kveðst hafa fengið afnot af þessum báti og telur að hann hafi samanlagt verið í um það bil 4-5 vikur á bátnum á tímabilinu frá 1999 til dagsins í dag". Síðar í sömu skýrslu segirðu; "Jón Ásgeir kveðst geta gert grein fyrir þessum greiðslum Baugs til Nordica. Hann tekur það fram að rekstur Nordica hafi ekki gengið sem best síðustu misseri. Jón Ásgeir segir að Baugur hafi hins vegar haft trú á þessum rekstri hans og viljað virkja hann áfram til að koma Baugi hf. í samband við nýja viðskiptavini í Bandaríkjunum. Þannig hafi verið gert samkomulag við Jón Gerald þess efnis að Baugur hf. styrkti Jón Gerald í sínum rekstri með beinum fjárframlögum gegn því að hann veitti þeim þá þjónustu að leita áfram að væntanlegum viðskiptatengslum í Bandaríkjunum. Jón Ásgeir segir að þessar greiðslur sem bornar hafi verið undir hann sé sá styrkur sem Jón Gerald hafi

06981

fengið frá Baugi hf. Jón Ásgeir kveðst ekki vita hvernig Jón Gerald hafi ráðstafað þessum fjármunum, hann hafi alfarið ráðið því sjálfur, þess vegna kveðst Jón Ásgeir ekki vita um það hvort að Jón Gerald hafi notað þessa fjármuni í bátinn eða eitthvað annað". Og síðar segir; "Jón Ásgeir kveðst vilja taka það fram að varðandi greiðsluna frá Baugi hf. þann 31. maí 2000 að fjárhæðin 139.155,51 bandaríkjadollar, þá segir Jón Ásgeir að það tengist því að reksturinn á Nordica hafi staðið mjög illa og verið í miklum taprekstri á þessum tíma og því hafi Baugur hf. ákveðið að greiða Nordica þessa fjárhæð til að jafna út taprekstur þess sem að kom til vegna nýrra laga um vörumerkingar á Íslandi". Og ennfremur segir; "Jón Ásgeir kveðst fullyrða að það hafi engir reikningar frá New Viking verið greiddir af Baugi hf. Jón Ásgeir segir að Baugur hf. hafi greitt reikningana frá Nordica eins og hann hafi áður skýrt frá vegna ráðgjafaþjónustu Jóns Geralds og kveðst ekki geta fullyrt neitt um það hvort Jón Gerald hafi notað þá peninga í bátinn eða eitthvað annað. Jón Ásgeir kveðst ekkert frekar hafa um þetta að segja". Og aðeins síðar segirðu; "Undir Jón Ásgeir voru bornar nokkrar útprentanir á tölvupóstum, aðallega á milli Tryggva Jónssonar og Jóns Geralds Sullenberger, sem ekki virðist vera unnt að skilja öðruvísi en að Baugur hf. hafi greitt afborganir og rekstur bátsins Thee Viking í Florida, með greiðslu reikninga frá Nordica, aðallega með textanum, svo er bein tilvitnun í texta reikninganna; "Contract fee for retail services commissions finders fee and consulting work". Síðan skýrirðu samtöl í þessum tölvupóstum, sem að undir þig voru bornir, þannig að um sé að ræða samskipti varðandi uppgjör á þessum 38 milljónum króna sem er skuld Nordica við Fjárfestingafélagið Gaum ehf.

JJ. Bíddu, bíddu, bíddu, ekki í sambandi við þessa reikninga?

AJ. Nei, þessir tölvupóstar þá sem undir þig voru bornir.

JJ. Já já.

AJ. Eru því samningar um uppgjör á þessum 38 milljónum, sem að Fjárfestingafélagið Gaumur stóð þá í skuld við Nordica, með því að Jón Gerald afsalaði sér eignarhlut í bátnum á móti skuldinni, er það ekki rétt skilið?

JJ. Jú.



06982

AJ. Síðan var undir þig borinn þarna framburður eða hluti framburðar frá Tryggva Jónssyni deginum áður eða 28. ágúst, þar sem Tryggvi lýsti því að Jón Ásgeir og Jóhannes hafi átt þennan bát á móti Jóni Gerald. Og um það segirðu, ég vitna þá orðrétt í skýrslu þína; "Jón Ásgeir segir alveg ljóst að þeir feðgar hafi aldrei átt neitt í þessum báti. Báturinn sé skráð eign Jóns Geralds. Hann segir það hafa komið til tals seinna að Gaumur ehf. eignaðist hlut í bátnum upp í kröfur þess á hendur Jóni Geraldi. Þannig segir hann Tryggva hugsanlega hafa tengt þetta saman á þennan hátt, eins og oft sé þegar verið sé að ræða um fyrirtæki sem tengjast þeim feðgum, að þeir séu nefndir en ekki fyrirtækið. Tryggvi hafi að öllum líkindum verið að tala um Gaum ehf., en ekki þá feðga persónulega". Þetta er það sem við ætlum að kynna þér úr þínum fyrri framburði og rifja upp með þér. Er þetta rétt sem að hér er haft eftir?

JJ. Það sem er rétt í þessu, greiðslurnar eru vegna þess sem kemur þarna fram og ég og Tryggvi áttum samtöl við Jón, þú veist þegar maður er búinn að fara í gegnum þetta um reksturinn og hvað væri mikið tapið og í framhaldi af því var búin til einhver skýrsla sem Jón sendi okkur. Þetta voru held ég einhverjir 14-15 þúsund dollarar sem tapið var. Það er í samræmi við það sem er þarna. Síðan voru þetta samskipti eiginlega á milli Tryggva og Jóns um hvernig þetta vannst. Það er alveg klár að skuldaði meira að segja Gaumi meira heldur en þessar 38 milljónir. Ég held að málsóknin úti sé eitthvað 45 milljónir eða eitthvað svoleiðis. Það stemmir alveg miðað við hvaða skuld er á bátnum, hvað hann skuldar okkur, þá gengur það alveg upp. Meira að segja er þarna smá gat, maður getur ekki séð betur en hann hafi yfirskuldsett bátinn eða hvernig sem hann hefur gert það.

AJ. En þessar 38 eða hvort sem það eru 45 eða hvað það er, við ætlum að kynna þér okkar niðurstöðu á því hvaða reikningar voru greiddir af hálfu Gaums á eftir, ef það er rétt skilið, er það ekki, að þú segir að það sé þá lán til Jóns Geralds eða Nordica?

JJ. Það er bara viðskiptakrafa á Jón Gerald Nordica.

AJ. Já viðskiptakrafa, og að Gaumur hafi þá lánað þeim, Nordica eða Jóni Gerald, sem nemur greiðslu á þessum reikningum?

JJ. Sem nemur greiðslu á hvaða reikningum?



06383

AJ. Reikningum Nordica vegna rekstrar bátsins?

JJ. Já, annarsvegar rekstur og hinsvegar var honum lánað til þess að kaupa bátinn á sínum tíma.

AJ. Akkúrat.

JJ. Það sem að Jón segir, ég las það í hans skýrslugjöf að hann hafi aldrei fengið greiðslur frá Gaumi það hafi alltaf komið beint úr kassanum í Bónus, það er bara rakinn þvættingur, eins og var sýnt fram á.

AJ. Viðskiptakrafan frá Gaumi hún myndast ekki satt, með því að Gaumur greiðir reikninga frá Nordica frá árinu 1997?

JJ. Það er annarsvegar vegna þessa stofnframlags, ég man ekki alveg hvernig þetta skiptist upp og hvað er síðan borgað fyrir rekstur og hvað er borgað þegar menn voru að nota bátinn og það. En það stemmir engan veginn að það sé eitthvað svona ferli eins og þið eruð að reyna að tengja saman að hitt taki eitthvað við af því. En stóra málið í þessu er, ef þú ert að spyrja mig að þessu út af fjárdrætti, þá vil ég fá að vita hvernig það myndast, þegar í raun ég er að draga fé þá frá mínu fyrirtæki sem ég á stóran hlut yfir í fyrirtæki sem ég á ekkert í, og hvernig það getur skoðast sem fjárdráttur?

AJ. Já, við komum betur að því.

JJ. Það er svo gott að skilja, þá getur maður farið að...

AJ. Hefurðu einhverjar athugasemdir við þennan framburð, sérstaklega, sem við lásum upp fyrir þig hér, eða viltu breyta honum?

JJ. Þetta er í meginatriðum eins og málið var lagt upp.

AJ. Í meginatriðum, er eitthvað sem þú vilt breyta hérna?

JJ. Ég er ekkert að breyta neinu, nei nei. Þú ert með pappírinn, ég hef ekki lesið þetta nákvæmlega yfir, þú hefur droppað inn í einhverjar línur.

AJ. Já, það sem varðar bátinn. Þú vitnar þarna í þinni fyrri skýrslu í samkomulag og segir þarna orðrétt; "Þannig hafi verið gert samkomulag við Jón Gerald þess efnis að Baugur hf. styrkti Jón Gerald í sínum rekstri með beinum fjárframlögum". Hvaða samkomulag ertu að vitna í þarna?

JJ. Ég held að þetta sé samkomulag sem við gerum einhvern tíma þarna í, annaðhvort í lok desember eða byrjun, ætli það hafi ekki verið í lok desember 1999.



06984

AJ. 1999?

JJ. Já, eða ég man það ekki alveg.

AJ. Er þetta skriflegt samkomulag eða?

JJ. Nei, þetta var ekki skriflegt eins og þú hérna, eða það held ég ekki, ég hef ekki séð nein gögn um það. Það var algjörlega Tryggva og Jóns að útfæra þetta mál.

AJ. Hverjir komu að þessu samkomulagi sem að þú ert að vitna í?

JJ. Við vorum þrír í því.

AJ. Var það gert á einhverjum tilteknum fundi hér?

JJ. Nei, ég held að þetta hafi verið úti í einhverju spjalli. Við vorum alltaf að biðja Jón að sýna okkur tölurnar hvernig þær litu út sirka, aðallega eftir að vöruhúsið kom upp og hvernig þetta væri að reka sig. Enda kemur í ljós, að þær sendingar sem ég hef séð að þar sem Jón kvartar sáran svona í upphafi árs 2001 um sinn rekstur, þá er hann að lagast út af þessu það sem eftir er ársins og má alveg sjá glögglega á gögnum sem að eru í lok ársins 2001, að hann er orðinn sáttur við reksturinn.

AJ. En varðandi bátinn, þá vitnaði ég í sömuleiðis hérna áðan í, að þú segist hafa fengið afnot af þessum báti, þannig að þú áttir ekkert í þessum báti eða hvað?

JJ. Þegar þú ert að skoða gögnin sem liggja fyrir, hver er eigandi bátsins, það er alveg ljóst hver er eigandinn, þegar ég bað um að fá að nota bátinn, þá sendi ég Jóni fyrirspurn, hvort ég mætti nota bátinn. Jón sendi mér aldrei nokkurn tíma fyrirspurn, hvort að hann mætti nota bátinn, hann notaði hann bara eins og hann vildi, enda var báturinn á hans nafni, hans ábyrgð, lán vegna bátsins voru á hans nafni. Ég er með gögn hérna, ég veit ekki hvort þið hafið séð þau, sex vikum áður en hann kemur til ykkar, þá skráir hann bátinn sjálfur á sölu og skrifar undir sem eigandi. Ekki sendi hann mér nein gögn um það að hann væri að selja þennan ágæta bát.

AJ. Þannig að það er ekkert til í því sem hann heldur fram, að raunverulega hafið þið, þú og pabbi þinn verið eigendur á móti honum að þessum báti?

JJ. Það er bara rangt.

AJ. Þannig að þið áttuð ekki bátinn.

JJ. Nei nei, þetta er bara klárlega, þetta stendur á viðskiptareikningi, hann skuldar okkur þennan bát, báturinn er á hans nafni. Við vorum ítrekað að reyna að fá okkar hlut eða, þegar við sáum að Jón gat engan veginn staðið undir sínum björtu vonum með sinn rekstur, að þá vorum við að reyna að fá okkar hlut og verja þessa upphæð sem var útistandandi, sem er líklega núna öll töpuð, ég sé ekki betur.

AJ. Ef ég skil þig rétt að Jón er einn eigandi bátsins, Gaumur á ekki bátinn segirðu og þið eigið ekki bátinn heldur?

JJ. Nei. Ef ég skil þetta rétt, þá er það New Viking sem að á Thee Viking?

AJ. Akkúrat.

JJ. Og Jón Gerald er skráður fyrir New Viking plús hann er skráður fyrir öllum gögnum varðandi bátinn, hann skrifaði undir kaupsamning, hann skrifaði undir tryggingar, hann skrifar undir þegar hann er að selja bátinn, hann spyr einskis þegar hann er að nota bátinn, ef að ég hefði átt hann, þá hefði ég væntanlega, bara eins og með hverjar aðrar eignir, ef að þú þarft að nota þær, þá spyrðu eigandann hvort þú megir nota hann. En ég get sýnt fram á gögn þar sem ég er að spyrja hann hvort að ég megi nota bátinn. En öll gögn í málinu sýna það að Jón er skráður fyrir bátnum.

AJ. Það er ekkert umdeilanlegt þannig.

JJ. Það bara skiptir miklu máli.

AJ. Það sem hann heldur fram, er að hann hafi verið látinn vera skráður eigandi en hin raunverulega eignarstaða hafi verið önnur. Þú ert að segja að það sé ekki rétt, er það ekki?

JJ. Ég bendi bara á þau skjöl sem eru til staðar, stimpluð og klár. Hann skuldaði Gaumi, það var á viðskiptareikningi þar vegna Jóns Geralds og Nordica og eignin er á hans nafni.

AJ. Þannig að þú segir að þetta sé rangt hjá honum það að þetta hafi verið einhverskonar leppun á ykkar eignarhluta?

JJ. Við þurftum ekkert á leppun að halda ef við höfum átt bátinn. Ég bara segi, hefðum við átt bátinn þá hefði það verið með öðrum hætti t.d. eins og afnot af honum.

AJ. Ert þú að svara spurningunni neitandi að þú hafir engan veginn átt þennan bát, er það ekki alveg öruggt?

JJ. Ég á ekki þennan bát, það er alveg öruggt, ég get bara sýnt þér hérna skjöl þar sem Jón Gerald segir að hann sé eigandi að bátnum.

AJ. Eigum við ekki að koma aðeins betur að því á eftir?

JJ. Jú jú.

AJ. Þú segir hérna líka að þú getir ekki fullyrt neitt um það hvort Jón Gerald hafi notað í peningana í bátinn eða eitthvað annað, peninga sem hann fékk frá Baugi þá væntanlega, fyrir þá reikninga sem verið er að borga honum sem Nordica skrifaði til ykkar.

JJ. Meiningin með því er, við erum í viðskiptum við þennan mann, við höfum trú á því að hann geti byggt upp ákveðið fyrirtæki. Hans útreikningar sýndu að hann þyrfti þennan stuðning til að ná þessu markmiði öllu að þrefalda söluna og allt átti að vera "djollí good". Við vissum hinsvegar að Jón lifði ekkert sparlega, með bátinn á sínum snærum, með lúxusbíla og allt það, en við töldum að hann væri að gera réttu hlutina, og þetta var okkar ákvörðun að gera þetta með þessum hætti, og hefði getað orðið mjög gott dæmi hefði það gengið upp. Ómögulegt fyrir mig að segja, notaði hann álagninguna sem hann fékk út úr grænu baununum til að borga af bátnum eða notaði hann af þessum pening eða notaði hann þetta til að reka bílana sína, mér sýnist á útreikningunum, útreikningar á stöðunni, af því að ég hef verið að reyna að sækja þennan pening sem við höfum sett í þetta, að þá er eins og hann hafi sett lítið í sjálfan bátinn, eða ég veit ekki hvar það hefur rýrnað, ég hef ekki séð bókhaldið í Viking eða New Viking, þannig að það er spurning hvar rýrnuðu þessir peningar. Mér finnst vera svona sirka bát 200-250 þúsund dollara gat í þessum útreikningi. Þannig að ef að 144 þúsund dollarar hafa farið í þetta, þá veit ég ekki alveg hvað er í gangi.

AJ. Við komum betur að þessu líka.

JJ. Fínt.

AJ. Ef við kynnum þér nokkur atriði úr framburðum Jóns Geralds, spyrjum þig út í þá, eða bjóðum þér að tjá þig um þá. Þá segir hann í skýrslu sem hann gaf hér, að hann hafi ásamt þér keypt bátinn Viking I um mitt ár 1996 á 136 þúsund dollara,

og hvor um sig, það er að segja þú og hann hafi greitt 15 þúsund dollara og Jón síðan tekið lán fyrir afganginum af kaupverðinu. Báturinn verið ykkar sameign fifty fifty. Fyrsta spurningin er; Er þetta rétt sem hann segir? Önnur spurningin er; Greiddir þú þessa 15 þúsund dollara?

JJ. Ég man ekki hvernig þetta var, hvort að þetta sé partur af því sem að var frá Gaumi, að það væri þá inni á þeim viðskiptareikningi, þessir 15 þúsund dollarar.

AJ. En það er þá rangt sem hann segir að þetta hafi verið ykkar persónulega sameign?

JJ. Ég hef aldrei séð nein gögn um það að þetta væri einhver persónuleg sameign.

AJ. En þú sjálfur hefurðu greitt einhvern tíma eitthvað í þessum báti þarna, þetta er fyrsti báturinn af þremur sem við erum að tala um?

JJ. Já það getur nú verið, að ég hafi eitthvað hjálpað til þarna, ég man ekki alveg hvernig þetta var.

AJ. En var þessi bátur ykkar eign eins og hann segir, sameign?

JJ. Nei, ef þetta hefur verið okkar sameign þá hefði það komið fram í eignaskrá um bátinn.

AJ. Lánið sem tekið er á bátinn fyrir afganginum af kaupverðinu samtals 135 þúsund dollarar, veist þú nokkuð um þetta lán, eða komst þú eitthvað að þessu láni, lántökunni eða ábyrgðum eða einhverju af því?

JJ. Að þessum kaupum 1996?

AJ. Já.

JJ. Ég man ekki hvernig þetta var gert nákvæmlega.

AJ. Þú veist ekki hvernig þetta lán er ábyrgst til dæmis?

JJ. Nei. Er þetta lán á Nordica eða lán á hvert, á New Viking?

AJ. New Viking var ekki til þarna, þetta er 1996.

JJ. Hvaða félag var þetta, hvaða félag átti bátinn?

AJ. Jón Gerald er skráður bara sjálfur fyrir bátnum.

JJ. Ég kannast ekki við neinar ábyrgðir beint á Jón Gerald.

AJ. Nei. Getur það verið að Baugur sé ábyrgðaraðili að þessu láni, þetta lán er ennþá lifandi í dag?

JJ. Við erum ekki ábyrgðaraðilar að neinum lánum nema, við vorum að fá eina ábyrgð í hausinn frá honum, það var bara á Nordica. Það er ekki lán það bara ábyrgð á Nordica.

AJ. Einhver vöruábyrgð eða hvað?

JJ. Ég man ekki nákvæmlega hvernig hún er tilkomin, hvort það er Flemmings-ábyrgðin eða einhver önnur ábyrgð.

AJ. En þú kannast ekki við að félög sem að þú hefur farið fyrir hafi ábyrgst þetta tiltekna lán?

JJ. Nei. Málið er að, allavega samkvæmt mínum bókum, það sem ég hef séð í okkar bókhaldi, þá er ekkert hjá Baugi sem er á Jón Gerald beint.

AJ. Nei, nú kemur til greina að ábyrgð sé kannski bara opin ábyrgð vegna láns.

JJ. Hún er ekkert opin, annaðhvort er hún á félag eða eitthvað svoleiðis.

AJ. Einhvern banka til dæmis, lán sem tekið er hjá tilteknum banka?

JJ. Fyrir yfirdrætti getur verið, getur verið út af kreditlínu, getur verið allur gangur á því.

AJ. En þú kannast ekki við það.

JJ. Ekki persónulega á Jón Gerald.

AJ. Nei, að þú hafir lagt fram, eða beitt þér fyrir því að það yrði lögð fram ábyrgð fyrir þessu tiltekna láni þegar fyrsti báturinn var keyptur?

JJ. Ég kannast ekki við að hafa beitt mér fyrir því að láta Jón hafa þessa upphæð í ábyrgð og mig langar að sjá ef að svo er. Það er allavega samkvæmt mínum bókum ekki.

AJ. Síðan segir hann, að árið 1997 hafið þið ákveðið að kaupa stærri bát. Þá hafi Jóhannes faðir þinn verið kominn inn í myndina og viðskiptin og í júní 1997 hafið þið þrír saman keypt Viking II á 580 þúsund dollara. Jóhannes hafi þá lagt fram 200 þúsund dollara sem Jón Gerald segist ekki hafa haft hugmynd um hvaðan komu raunverulega. En þessir 200 þúsund dollarar voru settir upp í eftirstöðvarnar og restin síðan fjármögnuð með láni sem hann tók og að þið hafið skipt á milli ykkar greiðslum, og hann telur að þær hafi komið frá Bónus eða Gaumi.

JJ. Hann segir það nú ekki fyrst, hann hefur þá breytt um framburð.

AJ. Jú þetta er haft eftir honum, er það ekki.

SM. Upphaflega vissi hann ekki hvaðan 200 þúsund dollararnir kæmu.

JJ. Hann sagði að þeir kæmu úr kassanum í Bónus.

SM. Hann segir að Jóhannes hafi komið með 200 þúsund dollara út, og vissi ekki hvaðan þeir peningar komu.

AJ. Þetta er úrdráttur úr hans framburði. Í upphafi árs 1999 segir hann að þið þrír hafið ákveðið að kaupa stærri bát. Þá hafi Tryggvi verið kominn til starfa hjá Baugi.

JJ. Var hann ekki veðsettur fyrir láninu?

AJ. Nei, það var ábyrgð á bak við þetta lán.

JJ. Þú ert sem sagt að segja að þessi ábyrgð hafi verið á bak við þetta lán.

AJ. Hvaða ábyrgð fyrirgefðu?

JJ. Þessi ábyrgð sem þú varst að tala um að væri á Baugi í dag, að hún væri á bak við þetta lán?

AJ. Við erum spyrja þig að því?

JJ. Ég er að spyrja þig, þú segir að það sé ábyrgð í gangi á bak við þetta lán.

AJ. Já.

JJ. Af því að við vorum að fá ábyrgð í hausinn ef það er sama ábyrgðin, hún tengist ekki með veðkröfu neitt áfram á Jón Gerald.

AJ. Nei. Ég er að spyrja þig um ábyrgðina sem slíka, við erum ekki með gögnin hérna, þannig að ég er að höfða til þín hvort þú manst þetta eða ekki. En ef til kemur þá þurfum við auðvitað að sýna þér gögnin og við þurfum að fara ofan í gögn um þetta. Varðandi þennan næsta bát, þá erum við búin að fara yfir það já, en svo í upphafi árs þarna 1999, þá hafi Tryggvi verið kominn til starfa og þið þrír sem sagt, þið feðgarnir og Jón Gerald hafið ákveðið að kaupa stærri bát og Tryggvi hafi þá verið settur inn í þessi bátaviðskipti og tekið þátt í þeim fyrir hönd ykkar feðganna. Þið hafið síðan fundið bát í febrúar 1999, en vegna málaferla hafi þau viðskipti dregist fram í október, það er að segja, viðskiptin og afhending á bátnum fram í október 1999, en þá hafi hann verið afhentur og fengið nafnið Thee Viking og um svipað leyti þá stofnar hann fyrirtækið New Viking utan um rekstur bátsins og báturinn verður eign þess félags, skráð eign þess

félags og hann er eigandi alls hlutafjár í þessu félagi. Kaupverðið var 1.105.33 dollarar, sem hafði greiðst þannig að Víkingur eða Viking II var tekinn upp í, á 495 þúsund dollara og eftirstöðvarnar greiddi hann með nýju láni. Báturinn persónuleg eign ykkar þriggja, segir hann.

JJ. Segir hann það já?

AJ. Já.

JJ. Af hverju skuldaði hann þá Gaumi?

AJ. Nú er ég bara að vitna í hans framburð.

JJ. Á ég sem sagt ekkert að kommedera um það sem hann er að segja?

AJ. Jú, gjörðu svo vel, viltu það,við erum ekki alveg búnir. Ef þú vilt það núna?

JJ. Nei þú safnar þessu bara saman í pakka.

AJ. Jón fullyrðir að þú hafir sett málið þannig upp, að það yrði staðið undir afborgunum og rekstri bátsins með greiðslu úr Nýbrauði, það er að segja 5 krónur af hverju brauði sem til stóð að Nýbrauð myndi selja það mundi fara í bátakostnaðinn, en síðan hafi áform um rekstur Nýbrauðs ekki gengið eftir og þá hafir þú fullyrt við Jón Gerald að Baugur myndi þá sjá um að standa straum af kostnaði við afborganir við rekstur bátsins og í framhaldi af því að þá hafi Tryggvi lagt fyrir Jón Gerald að senda reikninga mánaðarlega með tilteknum texta um ráðgjafastörf og þóknun og umsýslu Jóns í Bandaríkjunum og það hafi síðan gengið eftir og Baugur greitt reikningana sem voru með föstum fjárhæðum, fyrst 8 þúsund dollarar og síðan 12 þúsund dollarar og eftir að Tryggvi hafi komið til starfa hjá Baugi, þá hafi hann nánast séð um öll samskipti við Jón vegna viðskipta með bátinn fyrir ykkar hönd. Fyrir utan þetta hafi hann verið með visakort frá Gaumi sem hann notaði til að greiða ýmislegt tilfallandi varðandi reksturinn, notkun og fleira sem var ekki fastur kostnaður, það hafi hann síðan gert og Gaumur greitt visareikningana. Þá er ég búinn að vitna í framburð Jóns þar sem að við erum búnir að draga saman úr framburði Jóns.

Verjandi. Síðan hvenær, þarna í sumar?

AJ. Já. Skýrslum sem hann gaf hérna tveimur, tveimur skýrslum sem hann gaf hér.

JJ. Hann breytti þeim nú hressilega á milli, fyrir og eftir..

AJ. Þetta er svona að því er okkur finnst vera kjarni málsins svona varðandi þessa báta sem við reynum að draga hérna upp, hvað segirðu um þetta?

JJ. Kjarni málsins er sá, ég man eftir þessum 5 kalli, af því að það kom frá Jóni. Hann var með þessa "brilliant idea" með einhverjum Guðmundi vini sínum að setja upp brauðverksmiðju, sem ætti algjörlega að mala gull, og ætti að geta selt okkur brauð á fáránlega ódýru verði líka og hljómaði allt ævintýralega, og það átti að standa undir hans rekstri, styrkja Nordicareksturinn og skapa betri fjárhagslegan grundvöll fyrir hann. Það varð ekkert úr því og það kom fljótlega í ljós. Ég segi bara, það sem stendur hjá mér, er bara hvernig þessi gögn eru, hvernig þau koma fyrir, þannig er málið. Það eru mörg dæmi um það að Jón er ekki samkvæmur sjálfum sér í þessu tali sínu, man hlutina ekki rétt. Og ég spyr bara, ef að við hefðum átt í bátnum, af hverju lét hann ekki skuldajafna þá á móti skuldinni hjá Gaumi, af hverju lét hann hana hanga inni, hann hlýtur að hafa haft hana í sínu bókhaldi sem skuld við Gaum, er það ekki?

AJ. Ég ætla ekki að svara þessu?

JJ. Nei, það hlýtur að vera.

AJ. Þekkirðu New Viking félagið, veistu eitthvað um það félag?

JJ. Ekki neitt, ekki sem ég man eftir.

AJ. En vissurðu um tilvist þess félags sem sagt um eignina, bátinn?

JJ. Ég hélt að það héti bara sama nafni og báturinn, mig minnti það, þetta var eitthvað skrítin skráning.

AJ. Á félaginu?

JJ. Já. Það var ekki skráð í Miami, að ég held.

AJ. Nei, Delaware.

JJ. Delaware já.

AJ. Hver greiddi afborganir og rekstur þessa báts eftir að Gaumur hætti að borga reikninga frá Nordica?

JJ. Þá er það bara Jón sem er að klára sig á bátnum af því að við vildum fá einhverja tryggingu gegn okkar skuld, mér sýnist hann ekki hafa borgað neitt. Allavega miðað við þessi gögn sem ég er að fá frá Bandaríkjunum núna um skuldastöðu

þessa félags New Viking, vegna þess að miðað við þá peninga sem við vorum búnir að láta hann hafa, þá hefur orðið þarna veruleg rýrnun.

AJ. Þannig að þú ert að segja, Gaumur greiðir þarna fjárhæð, við skoðum þarna yfirlit yfir það hérna á eftir, en Gaumur greiðir þarna fjárhæðir fram á árið 2001.

JJ. Síðan greiðum við eitthvað með visakorti, síðan var gefið út visakort.

AJ. Nákvæmlega já, við getum skoðað þetta betur. Þannig að þér er ekki kunnugt um það hvernig hann greiddi af þessum lánum eða rekstur bátsins eftir að þeir reikningar hætta að berast til Gaums?

JJ. Ekkert frekar en hvernig Jón borgaði af húsinu sínu eða bílunum sínum, eða "what ever".

AJ. En þú hefur ekkert borgað eða hvað eftir þetta?

JJ. Ég hef borgað þegar ég var þarna úti bara úr eigin vasa, þegar ég var að nota bátinn, keypti ég á hann bensín, skilaði honum alltaf fullum af bensíni, borgaði hafnargjöld meðan ég var þarna inni.

AJ. En hvað með fastan kostnað eins og afborganir?

JJ. Eins og ég segi, það gengur illa upp fyrir mér reikningsformúlan að það hafi eitthvað verið borgað af bátnum í raun, allavega öllum þessum lánum, það vantar eitthvað inn í þá mynd miðað við það sem við vorum búnir að lána honum, ekki nema hann hafi tekið peninga af því og notað í eitthvað annað. Það kemur í ljós að bókhaldið hjá blessuðum karlinum er ekki upp á marga fiska, eins og er að koma núna í ljós þegar við erum að sækja á hann. Vantar skattframtöl og fleira.

AJ. Hann segir hann Jón að Baugur hafi styrkt Nordica, eða tekið þátt í auknum kostnaði eða tapi Nordica, 80 þúsund dollarar í maí 2000 vegna taps 1999. Hann nefnir 50 þúsund dollara í janúar 2002 vegna taps 2001 og hann nefnir 120 þúsund dollara í júní 2002 vegna 2001 og 2002. Kannastu við þessar greiðslur?

JJ. Þetta var eitthvað "akút" vandamál sem kom upp, sem var fyrir utan þennan hefðbundna rekstur. Það sem var alltaf að gerast, það voru alltaf að poppa upp einhver svona "akút" vandamál hjá honum, veistu þetta er alveg að koma hjá mér, og ég er búinn að ná í þetta popp umboð og núna verður þetta allt gott ef að búðirnar kaupa og allt þetta. Eins og ég segi, ég kom ekki, á þessum tíma þá var þetta bara milli hans og Tryggva þetta verkefni. Tryggvi var þarna í Banda-

ríkjunum og var að koma upp Bonus Stores, þannig að ég setti mig ekki mikið inn í samskipti við Jón, enda var ég orðinn vel pirraður á honum, að ganga ekki frá þessum málum við Gaum.

AJ. Ef við kynnum þér nokkur atriði úr framburði Jóhönnu Guðmundsdóttur, sem er eiginkona Jóns Geralds. Hún er yfirheyrð hérna í október 2002. Hún lýsti við skiptum með þessa báta Viking I, II og Thee Viking á sama hátt eða mjög á svipaðan hátt og maðurinn hennar.

JJ. Kemur mér ekki á óvart.

AJ. Hún skýrir frá því að bátarnir hafi verið persónuleg eign Jóns Geralds, þín og föður þíns. Og hún greinir frá því að hún hafi setið tvo fundi með Jóni Gerald og Tryggva, þar sem þessi mál voru sérstaklega rædd, það er að segja bátamálin, og þá hafi verið ljóst að þú og faðir þinn hafi verið eigendur á móti Jóni Gerald, það hafi verið tekist á um eignarhlut ykkar, eða svona já.

JJ. Ég var ekki á þessum fundi. Mér finnst skrítið að Tryggvi hafi verið á honum en ekki ég af því að við vorum úti í janúar/febrúar 2002 þegar Tryggvi fór og hitti þau út af uppgjörum og öðrum málum, það er skrítið að ég hafi þá verið látinn vera fyrir utan það, ef það hafa verið uppgjörsmál eða eitthvað svoleiðis út af bátnum.

AJ. Já, það vekur athygli. Tryggvi hefur staðfest að þetta hafi verið svona, hann hafi átt þessa tvo fundi með þeim, þar sem bátamálin hafi verið rædd.

SM. Þessir fundir eru á sitt hvorum tímanum.

JJ. Já.

SM. Annar fundurinn er þegar er verið að opna Bonus Dollar Stores í Florida og hinn fundurinn er seinna á Miami.

JJ. Eins og ég segi, ég veit ekkert hvaðan Jóhanna hefur sínar upplýsingar nema bara frá sínum manni, ég hef aldrei rætt bátamál við Jóhönnu.

Verjandi. Hver er spurningin ég náði því ekki?

AJ. Við erum fyrst og fremst að bjóða honum að tjá sig um þennan framburð, þetta brot úr framburði Jóhönnu. Það eru hérna gögn sem ég ætla að kynna þér, þau eru merkt II/5.6, þetta eru 26 blaðsíður. Þú hefur væntanlega séð, þar sem að þú hefur fengið aðgang að þessum gögnum. Þetta eru sem sagt fylgigögn með þessu

skjali II/5.6. Símbréf sem að stílað er á Tryggva Jónsson og síðan uppgjör og yfirlit varðandi New Viking þarna frá 1996 og út árið 2000. Kannastu við þessi gögn eitthvað, annars staðar frá heldur en úr málinu sjálfu?

JJ. Ég hef einhvern tíma séð þetta, hvort ég sá þetta í möppunni eða..

AJ. Hvaða möppu ertu þá að vitna til?

JJ. Ykkar möppu.

AJ. En við erum auðvitað að spyrja þig um það hvort þú hafir verið með þessi gögn eða kynnt þér þau fyrr?

JJ. Ég hef ekki kynnt mér þau fyrr, ef þú ert að spyrja að því.

AJ. En manstu eftir því að hafa séð þau, eða þekkirðu þessi gögn eitthvað?

JJ. Þetta er bara út svona "typical" bókhaldskerfi.

AJ. Þetta er rekstrar- og efnahagsreikningur New Viking og þetta er sundurliðun á afborgunum af lánum og öðrum kostnaði.

JJ. Áttu "ballance sheet" bara fyrir það félag?

AJ. Já, það er þarna.

SM. Þetta er árið 2000.

AJ. Helduröu að Tryggvi hafi afhent þér þessi gögn?

JJ. Það getur vel verið. Ég fæ svo mikið af pappírum, skilurðu.

AJ. Þannig að þú ert alls ekki viss?

JJ. Ég er ekki viss hvaðan ég hef séð þessi gögn, eða hvort ég sá þau í möppunni eða hvort þau voru hjá mér eða í fælnum mínum eða hvar.

AJ. Hérna eru skráðar greiðslur í bókhaldi New Viking frá Baugi, Baugur er skráður greiðandi á tildæmis 7.797,50 dollurum fyrstu 6 mánuði ársins 2000 og síðan 11.977 dollurum þar á eftir.

JJ. Ég hef ekki séð neina reikninga eða kvittað upp á reikninga frá New Viking.

AJ. Nei, en ef þú hefðir séð þessi gögn og vitað að það var New Viking sem þú veist að rekur bátinn, hefði þá ekki vakið athygli að Baugur er skráður greiðandi þessara greiðslna?

JJ. Eins og ég segi, þú ert að spyrja hvort ég hafi séð svona gögn, ég hef séð bókhaldsgögn frá Nordica, en ég man ekki hvar ég hef séð þau nákvæmlega.

Höfum eitt á hreinu, þau er engin greiðsla frá Baugi til New Viking vegna reiknings frá New Viking, það er bara þannig.

SM. Það eru hinsvegar greiðslur frá Baugi til New Viking, byggt á reikningum frá Nordica.

JJ. Það er bara, eins og allir, þá gefa þeir upp bankavíringu, hvert á að leggja peninginn. Það væri að æra óstöðugan fyrir gjaldkerann hjá Baugi að fara að tékka það, að sá sem er að gefa út reikning, hvort hann sé að gefa út rétt reikningsnúmer.

Verjandi. Ef ég man rétt úr gögnum þeim sem voru hér til umfjöllunar fyrr í sumar, þá samanstóðu þau dálítið mikið af reikningum frá Nordica sem voru stíluð á Baug og gjarnan fylgdi með þeim faxforsíða sem voru einhver greiðslufyrirmæli, var það ekki?

AJ. Jú.

Verjandi. Þannig að það kann vel að vera að það sé skýringin á því að hann hafi gefið fyrirmæli um að þetta færi inn á reikninga sem að ekki voru Nordica.

JJ. Ég ætla að segja ykkur sögu, af því að það tengist þessu máli.

AJ. Við verðum að segja hana fyrir utan teipið.

JJ. Nei, það skiptir máli fyrir þetta.

AJ. Okey.

JJ. Kemur maður til mín inni á Flugleiðum, sem ég kann ekki skil á, lætur mig hafa gagn, á því stendur; "Rannsóknargagn vegna þess sem á að leita að í lögreglurannsókninni hjá Baugi". Svo fór ég að fletta þessu á fundinum. Þar kemur einhver svakaleg Nordicaruna og þar kemur New Viking einhversstaðar til hliðar. Sýna ykkur þetta gagn, þetta er dálítið merkilegt. Þetta er líklega að koma hérna innan húss hjá ykkur, af því að þetta var ekki í skjalinu sem að kom út úr Héraðsdómi.

AJ. Og þetta var bara einhver maður sem þú ekki þekkir?

JJ. Já.

AJ. Og veist engin deili á?

JJ. Ætli hann sé ekki í lögreglunni, ég veit það ekki.

AJ. Einhver hluthafi?

JJ. Í Flugleiðum?

AJ. Já.

JJ. Væntanlega, annars kemst hann ekki inn á fundinn.

AJ. Þetta er rannsóknarefni.

JJ. Maður er alltaf að fá einhverjar svona sendingar. Þar sá ég Nordica og New Viking.

AJ. Þetta eru gögn sem að voru afhent eða tekin saman af skrifstofustjóra, Kristrúnu Sveinbjörnsdóttur, sem er viðskiptafræðingur og skrifstofumaður hjá Nordica. Hún tók saman sem sagt fyrir Jón Gerald gögn sem varða bátinn, setti það upp og sendi síðan á faxi fyrir Jón Gerald og Tryggva. Tryggvi telur að þú hafir fengið þessi gögn. Í þessum gögnum kemur skýrt fram að í bókhaldi New Viking er Baugur skráður greiðandi að þessum greiðslum, það passar við þessa 8 þúsund dollara greiðslur og það passar við þessar 12 þúsund dollara greiðslur. Í fyrsta lagi er spurningin hvort þú hefur séð þetta?

JJ. Ég hef ekki séð þetta, eins og ég segi, ég hef séð eitthvað frá Nordica, útprentun úr bókhaldinu hans.

AJ. Já. En það hefur aldrei vakið athygli þína að Baugur sé skráður greiðandi að rekstri bátsins í bókhaldi New Viking?

JJ. Var þetta ekki Nordica bókhaldið?

AJ. New Viking.

JJ. Var þetta New Viking bókhaldið?

AJ. Já.

JJ. Já, ég hef ekki séð það.

AJ. Þú hefur ekki séð það?

JJ. Nei.

AJ. Og þú hefur aldrei séð að Baugur sé skráður í bókhaldi, hvort sem það er Nordica eða New Viking?

JJ. Jú, Baugur er væntanlega skráður í bókhaldi Nordica.

AJ. Já, sem greiðandi að rekstrarkostnaði þessa báts?

JJ. Nei, það kemur hvergi fram á reikningum þessum styrktarreikningum vegna uppbyggingar Nordica, að það sé verið að borga að einhverjum bát.

AJ. Nú er ég ekki að spyrja þig um það, heldur bókhaldið sjálft eða önnur gögn sem þú kannt að hafa séð, hefurðu einhvern tíma séð gögn?

JJ. Ég hef séð Nordica bókhaldið einhvern tíma, ég meina það voru bara viðskipti við Baug þar í einni tölu.

AJ. Hefurðu einhvern tíma séð gögn frá Nordica eða New Viking, þar sem Baugur er skráður greiðandi rekstrar á bátnum eða afborgana af lánum á bátnum?

JJ. Nei, ekki séð gögn sem að sýna að Baugur sé að borga rekstur á bátnum.

AJ. Þú hefur ekki séð það?

JJ. Nei.

SM. En forsíðan á þessu faxi sem er sent til Tryggva 2. febrúar 2001, þetta er hérna skjal málsins II/5.6. Það segir hérna; "Sæll Tryggvi minn. Í framhaldi af fundi okkar hér á Miami sendi ég þér yfirlit yfir allar þær færslur sem hafa orðið vegna Vikings. Ég vona að þetta skýri málið betur. Ef þig vantar meiri upplýsingar þá skal ég glaður koma þeim til þín sem allra fyrst". Maður veltir því fyrir sér, ef að þið hafið ekkert með þennan bát að gera, af hverju hann er að senda þá allar færslur sem hafa orðið vegna Vikings til Tryggva í febrúar 2001, 26 blaðsíður.

JJ. Ég myndi bara spyrja Tryggva að því, hann hlýtur að hafa fengið þetta.

SM. Hann segist telja að hann hafi látið þig hafa þetta.

JJ. Ég man ekki eftir að hafa séð þessa forsíðu, enda hefði ég bara sent hana beint til Gaums, hefði hún komið.

AJ. Þannig að þú telur að þessi gögn eigi ekkert erindi til Baugs eða ykkar?

JJ. Ég veit ekkert af hverju og um hvað voru þeir að tala, af hverju bað hann um þessi gögn.

SM. Hann vísar til fundar á Miami og svo í framhaldi af því sé ákveðið að hann taki saman allar færslur út af þessum Viking.

JJ. Ég hef verið að rugla því, mér sýndist ég sjá þarna á "ballance sheetinu", að þetta væri Nordica.

SM. Þessi gögn innihalda greiðslur sem hafa orðið til vegna allra bátanna þriggja frá 1996 til þess dags þegar skjalið er búið til.

JJ. Þetta er einhver bara svona Excelskjöl.

SM. Eins er þarna sundurliðun vegna bátanna, það er líka sundurliðun vegna afborgana á lánum út af bátunum, sundurliðun á greiðslu American Express greiðslukorta, sem þið hafið verið með, þú Tryggvi og Jón Gerald. Eins og gögnin bera með sér þá varðar þetta tímabilið frá 1996 út árið 2000, þannig að stóran hluta af þessu tímabili þá er félagið New Viking ekki til, þannig að eðli málsins samkvæmt að þá varðar þetta þá Nordica að stórum hluta til.

JJ. Þú sagðir áðan að báturinn hefði verið skráður beint á Jón, hefði það þá ekki átt að vera hans "personal account", staðinn fyrir að vera inni í Nordica.

AJ. Það er grunur um það, það er ljóst, og það er grunur um það og til þess er þessi rannsókn gerð meðal annars, að málið sé öðruvísi heldur en það sé skráð, það séu aðrir hlutir í gangi heldur en nákvæmlega eru skráðir í opinberum pappírum.

Gerum stutt hlé meðan við snúum spólunni við, klukkan er 18:40.
Þá höldum við yfirheyrslu áfram klukkan 18:45.

AJ. Varðandi það sem þú varst að segja okkur frá að þú hefðir fengið í hendurnar á Flugleiðafundinum, ertu með þetta gagn hjá þér?

JJ. Ég skal bara skutla því til þín á eftir.

AJ. Okey, fint.

JJ. Ég verð að fá ljósrit af því.

AJ. Ef þetta eru rannsóknargögn þá eiga þau ekki að vera í þínum höndum heldur bara hjá okkur.

JJ. Nei nei, þetta er bara eitthvað gagn sem að þið áttuð að nota þegar þið réðust inn í Baug.

AJ. Okey. En þú ætlar að láta okkur hafa þau.

JJ. Já. Ég vil bara hjálpa til að skilja þetta allt saman.

AJ. Svo við höldum áfram þar sem að frá var horfið, þar sem þú hefur sagt að Gaumur hafi lánað Nordica vegna þessa báts.

JJ. Nordica eða Jóni Gerald.

AJ. Hefur einhver innheimtuaðgerð átt sér stað á því láni og þá hvar?

JJ. Það er í innheimtu í dag já.

AJ. Hvenær hófust innheimtuaðgerðir?

JJ. Þær hófust þegar Jón gaf það í skyn að hann ætlaði ekkert að ganga frá neinu eða borga þessar skuldir til baka.

AJ. Var einhver samningur gerður um kjör á þessu láni eða innheimtu á þessu láni?

JJ. Það eru ekki nein lánskjör til, það er bara transfering á peningum til hans.

AJ. Hvaða upphaflegi samningur var gerður þá milli Gaums og Jóns Geralds um að lána honum fyrir þessum rekstri bátsins?

JJ. Sko, það sem Jón ætlaði alltaf að gera, það var að ganga frá þessu með einum eða öðrum hætti. Ég man ekki hvenær ég hætti afskiptum af Gaumi, ég held að það hafi verið 1999, þá tók systir mín við því, en hefði þetta verið eign þá hefði þetta verið eignfært hjá okkur sem eign í bát.

AJ. Þannig að samningurinn sem er upphaflega gerður við Jón, er hver?

JJ. Ég held að það eitthvað svona "handshakemál" sko.

AJ. Milli þá þín og hans eða?

JJ. Stóra upphæðin í þessu kom einhvern tíma, var það ekki 1999, 1998 líklega.

AJ. 1999 líklega, þú ert að tala um 200 þúsund dollarana?

JJ. Já. Það var karlinn sem fór með þetta til hans.

SM. Það er 1997?

AJ. Þegar annar báturinn er keyptur, er það ekki.

SM. Jú.

AJ. Ég er enn að tala um samninginn, hvaða samningur er um þessi lánamál, á milli hverra?

JJ. Um?

AJ. Um að Gaumur greiði þessa reikninga og það myndist þá lán.

JJ. Það var enginn samningur, ég allavega skrifaði ekki undir neinn samning, þetta var bara traust milli manna að það myndi verða greitt og við lánuðum honum í þessu, okkur fannst þetta voða spennandi og síðan þegar var farið að tala um að nú þyrfti hann að fara að borga af þessu og það var einsýnt að það var ekki hægt með öðrum hætti nema taka hlut í bátnum fyrir þessum skuldum.

AJ. Á milli hvaða manna var þetta samkomulag gert?

JJ. Jóhannes Jónsson og ég og Jón Gerald. Ég veit ekki hvort að Kristín hafi einhvern tíma tekið þátt í því, ég bara man það ekki, það var ekkert gott á milli þeirra.

SM. Ég fatta ekki alveg þetta lánafyrirkomulag. Hann gefur út sölureikning í nafni Nordica, stílaðan á Gaum, sem þið borgið.

JJ. Var það ekki kostnaðarreikningur.

SM. Þetta er bara reikningur, debetreikningur á Nordica.

JJ. Ég hef ekki séð hann.

SM. Það er hellingur af svona reikningum í bókhaldi Gaums sem við höfum fengið afhenta vegna rannsóknarinnar.

JJ. Ég hef ekki séð þá, ég veit bara að hann skuldar þetta, þá getur varla verið að við höfum verið að kaupa af honum eitthvað.

SM. Þannig lítur þetta út á pappírunum.

JJ. Já, ég hef ekki séð það.

SM. Að þið séuð að borga honum, byggt á einhverjum reikningi frá Nordica.

JJ. Já, en er það ekki rekstrarkostnaður, ekki þetta stóra lán, það er ekki þarna?

SM. 200 þúsund dollara greiðslan er bara tékki, sem er frá 1997, það er enginn reikningur á bak við þá greiðslu.

JJ. Nei. Hvað stendur á þessum hinum reikningum?

SM. Það er sundurliðun á bankakostnaði Americans Express, hafnargjöld.

JJ. Já, þá höfum við bara verið að borga reksturinn.

Verjandi. En er þetta ekki fært á viðskiptareikning hans í bókhaldi Gaums?

JJ. Jú, ég held að það sé alveg klárt.

AJ. Þetta er útlagður kostnaður vegna bátsins.

JJ. Nú veit ég ekki alveg hvernig þetta er fært, allavega það sem er búið að viðurkenna í kröfur á manninn úti, eru einhverjar 45 milljónir. Ég man ekkert hvernig þeir reikningar litu út. En ég fullyrði það að þessi stóra upphæð, grunnurinn í þessu, það var ekki reikningur, það var bara lán til hans.

AJ. Og sömuleiðis allir hinir reikningarnir?

JJ. Það hlýtur að vera að það hafi verið bara fært sem lán hjá.. af því að hann hefur ekki..

AJ. Það er eignfært á viðskiptareikning hans.

JJ. Þú eignfærir aldrei á viðskiptareikning.

AJ. Jú jú að sjálfsögðu.

JJ. Þú ert ekkert að eignfæra, þú ert bara að setja það á viðskiptareikning.

AJ. Viðskiptareikningur er eignarreikningur, allt sem fer á viðskiptareikning er eignfært.

JJ. Hann er skuldunautur.

AJ. Já já.

JJ. Ég meina, það var ekkert af þessu tekið og sett sem eign félagsins skilurðu.

AJ. Það er það sjálfkrafa þegar það fer inn á viðskiptareikning sem krafa.

JJ. Já, sem krafa.

AJ. Já.

JJ. En þetta er ekki eignfært í þeirri merkingu sem að við séum að eignfæra hlut í bát.

Verjandi. Þið eruð að tala um það sama.

AJ. Jú, við erum að tala um það sama, en orðum það öðruvísi.

JJ. Af því að ég er sérlegur áhugamaður um bókhald þá erum við ekki að tala um sama hlutinn.

Verjandi. Nei, þið eruð að rugla, ég veit hvað þú ert að tala um...

AJ. Við skulum halda okkur við efnið. Kristrún var yfirheyrð í október 2002. Hún hefur greint frá því að henni sé kunnugt um það að reikningar, hún segist hafa skrifað alla þessa reikninga á Baug, þessa 8 þúsund og 12 þúsund mánaðarlegu reikninga, með textanum um þóknun og svo framvegis. Hún segir að henni væri kunnugt um það að þessir reikningar hafi verið sendir á Baug til þess að borga bátinn.

JJ. Okey, hún segir það.

AJ. Já.

JJ. En hvernig var þá, var ekkert haldið til hliðar þegar, ef hún segir það að hafi verið að borga bátinn, safnaðist þá ekki innborgun inn á bát hjá þeim, eða hvernig færðu þau þetta í bókhaldinu hjá sér?

AJ. Þetta var fyrst fært bara inn á Nordica og síðan var þetta fært yfir á..

JJ. Það hlýtur að hafa orðið til reikningur sem að heitir innborgun á bát hjá Nordica.

AJ. Nei.

JJ. Nú.

AJ. Vegna þess að þetta fór nú ekki nákvæmlega eftir bókhaldsreglum svo sem í Nordica heldur, ha.

JJ. Okey, er þetta skrifstofustjórinn, sagði hún að Baugur hafi borgað án þess að hún hafi sett það sem innborgun inn á bát í bókhaldinu?

AJ. Hún viðurkennir það að hafa sett rangan texta á reikninga prentaða út, hún viðurkennir það.

JJ. Það er skjalafölsun.

AJ. Hún viðurkennir það, vitandi það að þetta voru reikningar sem voru skrifaðir í þeim tilgangi að fá greiðslur til þess að standa straum að rekstri bátsins.

JJ. Þá hefði einhversstaðar átt að myndast...

AJ. Við skulum ekki vera að velta fyrir okkur hvað hefði átt að gera, hér átt þú bara að svara spurningum, þú ert í lögregluyfirheyrslu og við setjum fyrir þig ákveðnar spurningar, við erum ekki í rökræðum.

JJ. Ég geri mér alveg fulla grein fyrir því.

AJ. Okey, fínt þá getum við haldið áfram.

JJ. Má ég samt koma með hérna smá innskot?

AJ. Okey.

JJ. Sko, það hlýtur þá að vera, að einhversstaðar hafi búist til í þessum bókhöldum, að Baugur ætti inni hjá þessum félögum, ef hún hefur verið að færa þetta þannig að, þegar hún fékk þennan pening, að þá færði hún hann sem innborgun frá Baugi, þannig að þá hlýtur hún að hafa fært hann einhversstaðar sem skuld við Baug, eða þá kaup á eignarhlut í bátnum.

AJ. Nú skulum við fókesera á Baug, á þitt hlutverk. Í þessum spurningum og þessum svörum.

JJ. Já ég veit það.

AJ. En ekki vangaveltum um það hvernig þetta gæti hugsanlega verið þarna úti í Bandaríkjunum.

JJ. Ég er að átta mig á bókhaldinu svo ég geti svarað spurningum, af því ég er ekki með þessi gögn sem þú ert með.

AJ. Þú berð ábyrgð á bókhaldinu hjá Baugi, ekki hjá Nordica eða New Viking?

JJ. Ég er búinn að segja ykkur eins og þetta er bókað hjá Baugi. Má ég aðeins, mér finnst nauðsynlegt að það komi fram, ef að þú ert að spyrja að gefa álit á einhverjum færslum í bókhaldi annarsstaðar, þá verð ég að fá að gefa það álit.

AJ. Nei, ég er ekki að spyrja þig um álit þar, þú hefur misskilið þá spurninguna, ég er að kynna þér það sem hún segir, að hún hafi viðurkennt að hafa skrifað út ranga reikninga og allir þessir fjármunir, þeir voru notaðir til þess að greiða rekstur bátsins og afborganir, það höfum við sjálfir kannað. Það er að segja þær greiðslur sem fóru fyrir þessa tilteknu reikninga frá Nordica, þeir fjármunir fóru í greiðslu bátsins. Var þér kunnugt um það?

JJ. Nei.

AJ. Var þér kunnugt um að einhver hluti þessara fjármuna færu í rekstur eða afborganir á bátnum?

JJ. Ég bendi bara á það sem ég sagði fyrst. Ég vissi ekki hvernig Jón var að reka bátinn og ég efast um það að miðað við það uppgjör sem við höfum séð í innheimtu okkar hjá Gaumi á þessum skuldum við hann, að hann hafi sett svona mikla peninga inn í þetta, þannig að það meikar ekki sense. Og ef að við höfum verið að borga honum fyrir þetta, vorum við þá að gefa honum peninga, eruð þið að segja það?

AJ. Nei, við erum að spyrja þig, við erum ekki að segja neitt.

JJ. Reikningarnir komu svona, þeir voru borgaðir svona, borgaðir til Nordica, ég er búinn að segja ykkur hver skýringin á því er. Þú getur endalaus spurt mig hvað þessi sagði, ef þú ert bara að segja mér út frá bókhaldi Baugs, þá lítur það þannig út.

AJ. Vissurðu hvernig Jón fór að því að borga rekstur bátsins?

JJ. Ég hélt bara að Jón væri í ágætum málum eins og hann sagði mér það.

AJ. Spurningin er bara einföld, vissurðu hvernig að Jón fór að því að borga rekstur bátsins?

JJ. Úr rekstri sínum.

AJ. Með sínum eigin peningum, vissurðu það?

JJ. Hvernig sem hann skammtaði sér á milli.

AJ. Var þér kunnugt um það?

JJ. Já já mér var kunnugt um það. Ég var vitni að því oft þegar Jón var að taka upp sitt persónulega kort og borga hinn og þennan kostnað út af bátnum.

AJ. Við skulum gera hlé meðan við kynnum þér nokkur skjöl, og tökum síðan upp þráðinn aftur. Klukkan er núna 18:58.

Athuga, hlé á bandinu.

AJ. Samdir þú við Jón Gerald um þessa þjónustu hans sem þú kallar þannig í Bandaríkjunum og greiðslu þessara reikninga sem frá Nordica komu síðan mánaðarlega?

JJ. Ég gaf blessun yfir þetta á sínum tíma það er alveg ljóst, ég trúði á uppbyggingu Nordica og í framhaldi af því var þetta gert.

AJ. Hvernig var samið við hann, hver samdi við hann?

JJ. Ég man ekki hvernig þetta var, hver samdi við Jón, en það er alveg greinilegt á öllu því sem þú ert búinn að sýna mér að auðvitað ætla ég ekkert að skorast undan því að þetta hafi verið samþykkt á sínum tíma en Tryggvi og Jón síðan unnið úr því.

Þá gerum við örstutt matarhlé. Klukkan er núna 19:26.

Yfirheyrslu haldið áfram klukkan 19:48.

AJ. Jón við ætlum að sýna þér hérna samantekt, skjal, Wordskjal, sem var í tölvu Tryggva eða heimasvæði Tryggva Jónssonar á netþjóni Baugs. Skjalið er samið 8. desember 1999 og síðasta breyting á því er vistuð á því 3. janúar 2000. Þekkirðu þetta skjal, eða hefur þú samið eitthvað af því sem þarna er?

JJ. Var þetta ekki skjal sem var í fyrsta bunkanum?

SM. Jú hluti af þessu skjali, það voru þrír punktar og svo handskrifaður texti, sem virðist hafa verið grunnurinn að þessu skjali, sem er í þessu endanlega formi.

JJ. Ég man ekki eftir þessu.

AJ. Þetta er uppsetning á einhverri áætlun um þessa báta.

JJ. Hvað er B/G?



07005

SM. Við höldum að það sé Baugur /Gaumur.

JJ. Fyrri parturinn lítur út sem einhver uppgjör á þessum skuldum.

AJ. Ertu þá að tala um skuldunum við Gaum?

JJ. Já. Er ekki til meira af þessu, framhald, er þetta sent eitthvað?

AJ. Nei, nú ætlum við bara að spyrja þig um innihaldið eða skjalið sjálft.

JJ. Ég myndi segja að fyrsti hlutinn af þessu eru einhverjar pælingar um þetta uppgjör.

AJ. Ertu þá að segja að þegar standi JJ/JÁJ, að það sé þá Gaumur, eða hvað?

JJ. Það hlýtur að vera.

Verjandi. Má ég kannski aðeins, það var spurt, samdir þú skjalið, það var aldrei búið að svara því.

JJ. Nei, ég samdi ekki skjalið.

AJ. En varstu eitthvað með í ráðum við samningu þessa skjal eða veistu hvernig eða hvenær það var samið?

JJ. Nei. Ég man að einhvern tíma á fundi að þá vorum við að ræða uppgjörið ég og Jón á þessu hérna.

AJ. Á punkti númer 1?

JJ. Já.

AJ. Hvað með punkt númer 3, þar segir; Stofna skal sérstakan bankareikning í nafni Thee Viking. Kreditkort á þann reikning verður í höndum Jóns Geralds eða JGS. Mánaðarlega greiðir B/G 7 þúsund dollara inn á reikning og JGS 3 þúsund dollara miðað við að eignarhlutfall JGS sé 30%. Á reikningi til B/G skal standa "Contract fee for retail services commissions finders fee and consulting work". Hvað með þetta, er þetta eitthvað sem þú kannast við, þessa áætlun?

JJ. Nei, ekki um mánaðarlega greiði B/G, mér finnst svo skrítið ef að Tryggvi er að semja þetta, að hann skuli setja þetta svona upp, sem sagt B/G, nei.

AJ. Þarna er verið að segja, það er verið að tala um bátinn, þarna er verið að tala um Thee Viking, það er ljóst. Það er verið að tala um mámaðarlega reikninga sem einhver B/G á að greiða, með þessum tiltekna texta vegna bátsins. Nú þekkjum við textann, þessi texti kom síðan, þessi nákvæmlega sami texti kom inn á alla þá reikninga sem að Nordica sendi síðan til Baugs mánaðarlega og Baugur greiddi.

JJ. En aldrei Thee Viking?

AJ. Thee Viking kom aldrei fram á því, nei.

JJ. Ég hef nú séð þennan texta einhversstaðar annarsstaðar, ég held að þetta hafi einhversstaðar komið fyrir áður, ég mundi athuga með Simons Agentur, ég held að þetta sé eitthvað þegar við vorum með fyrirtæki þar úti.

AJ. Simons Agentur.

JJ. Já, Baugur var með það í Danmörku, þá vorum þeir í svona sama, finna og leita að vörum.

AJ. En það er ekkert verið að tala um að leita að vörum hérna sko. Það er verið að tala um að það eigi að senda reikninga vegna bátsins með þessum tiltekna texta, það er alveg ljóst, til einhvers B/G. Nú reyndist það vera þannig eins og við töluðum um áðan að Baugur fékk reikninga með nákvæmlega þessum texta, sem Jón Gerald heldur fram að séu vegna bátsins.

JJ. Það sem er lykilatriði í því, það er ekki reikningurinn í New Viking, það er enginn reikningur í nafni Thee Viking, ef ég myndi lesa þetta, eins og ég skil þetta, ef þú ert að spyrja mig um comment á það, þá myndi ég halda að þetta væri eitthvað sem ætti að borgast inn á bankareikning Thee Viking, er það ekki?

SM. Það gerðist nú svo, hluti af bankagreiðslunni fór inn á bankareikning New Viking.

JJ. Eitthvað 7 þúsund dollarar?

AJ. Fyrst 8 þúsund og síðan 12 þúsund.

JJ. Það er best að spyrja höfundinn, hvað hann meinti með þessu.

AJ. Þú getur ekkert commenderað á þetta. Hvað með síðasta punktinn?

JJ. Ég man eftir þessu hérna 1400 þúsund, þar sem Jón var að segja að hann myndi örugglega fá, hann hefði gert svo góð kaup á þessum bát, til þess að greiða skuldina sína, það myndi vera milli munur, á því sem hann keypti og væri söluverð, þó að það hafi nú annað komið í ljós.

AJ. Hvað með punkt númer 4, þar er að segja útbúa þarf afsal á 50% eignarhluta í Nýbrauðum til Miramar. Lán sem Jón Gerald fékk vegna kaupanna endurgreiðist annaðhvort við sölu bréfanna eða þann 1. janúar 2003, eftir því hvort kemur fyrst. Til tryggingar láninu er veð í eignarhluta Jóns Geralds í bátnum. Geturðu skýrt þessa setningu eitthvað, er þetta eitthvað sem þú tókst þátt í að semja eða?

JJ. Nei, þá væri þetta skjal sem ég hefði samið.

AJ. Ég meina málið sjálft?

JJ. Nei.

AJ. Þú hefur enga aðkomu að þessu máli?

JJ. Miramar, eitthvað kannast ég við það, ég held að Jón hafi aldrei átt 50% í Nýbrauðum, ég held að það sé nokkuð ljóst.

AJ. Tengdust hlutabréfakaup eða hlutabréfaviðskipti Nýbrauðum að einhverju leyti þessum bátum?

JJ. Nei, ekki með nokkrum hætti. Mér finnst eins og sé verið að taka hérna á einhverjum mörgum sitt hvorum málum.

AJ. Þetta er sem samt samið 8. desember 1999.

JJ. Af hverjum?

SM. Í tölvunni hans Tryggva, samkvæmt propperties bak við skjalið, þá er Tryggvi Jónsson höfundur skjalsins.

JJ. Já.

SM. En þetta lýtur allt að bátnum, það í fyrsta lagi verið að tala um hvernig eigi að skipta eignarhlutunum.

JJ. Ég skil það alveg, en ég skil ekki.

SM. Svo er verið að tala um söluverð og bókfært verð bátsins, svo er verið að tala um hvernig eigi að borga afborganir.

JJ. Þú sérð það alveg í hendi þér að það er verið að gera þarna upp mörg mál, allavega þrjú mál, er það ekki?

SM. Ég get ekki séð það öðruvísi, en það er eignarhlutinn og það er verðmæti bátsins og það er endurmat á verðmætamatinu árlega, hvernig eigi að borga.

JJ. Var það gert?

SM. Hvernig eigi að borga afborganir af bátnum.

JJ. Var eitthvað af þessum framkvæmt með þessum hætti? Bátnum var ekki skipt, það voru engir 7 þúsund dollarar sem fóru á Thee Viking, það var ekkert gert með Miramar, 50% í Nýbrauðum yfir í Miramar, þannig að ekkert af þessu er staðreynd, eða hefur gengið eftir. Upphæðirnar standast ekki, eina sem stenst í þessu er þessi texti.



07008

AJ. Það komu reikningar til Baugs, 18. janúar árið 2000 kemur fyrsti reikningurinn frá Nordica.

SM. Það segir ekkert að þessir reikningar eigi að koma frá Thee Viking, það segir opna skal sérstakan bankareikning í nafni Thee Viking, það sem gerðist að það var opnaður bankareikningur í nafni New Viking eins og félagið hét og þessar greiðslur fóru inn á þann reikning að hluta til.

JJ. Þetta er kalt mat ef þið lesið þetta, þá er ekkert af þessu sem að er staðreynd í dag, það er mín skoðun, en ég samdi ekki skjalið, best að hann commederi á það sá sem..

AJ. Og varstu ekkert með í semja það sem þarna stendur, segirðu?

JJ. Ég skal alveg viðurkenna að ég hafi tekist á um þennan fyrsta hluta.

AJ. Já, vegna skuldar Gaums, þá ertu að tala um það?

JJ. Já, Kristín getur staðfest það að það var farið að fara verulega í taugarnar á henni að það var ekki verið að ljúka þessum málum.

AJ. Hvað var með Miramar, geturðu gert grein fyrir því félagi? Miramar er félag á Bahamaeyjum.

JJ. Ég man eftir að hafa komið til Bahama, sest inn á skrifstofu hjá KPMG í Bahamas. Er þetta ekki eitthvað eld eld gamalt mál?

AJ. Við spyrjum?

JJ. Ég spyr, ég man ekki eftir þessu, ég man eftir þessari ferð til Bahamas.

AJ. Manstu ekki eftir því að þetta félag hafi verið stofnað?

JJ. Þetta var einhvern tíman á tímum Bónus einhver pæling, við áttum Bónus, en ég held þetta hafi verið, ekkert orðið úr þessu, eða hvernig sem þetta var.

AJ. Jú, Miramar var stofnað, svo ég rifji þetta upp með þér, Miramar var stofnað.

JJ. Var einhver rekstur í Miramar?

SM. Þú spyrð alltaf eins og við séum að uppfræða þig, þetta er yfirheyrsla sem snýr að þér, maður á að spyrja þig spurninga sem þú átt að upplýsa.

JJ. Ég man ekkert hvað gerðist þarna. Ég man bara eftir þessari Bahamasferð, hún var dálítið skrautleg þarna seinniparturinn.

AJ. Við spyrjum að sjálfsögðu af því að það er gert ráð fyrir því að 70% eignarhluta í Thee Viking eða NewViking sé yfirfært á Miramar.

JJ. Hvar er það get?

AJ. Það er í blaðinu sem við vorum að sýna þér áðan, punktur eitt.

JJ. Já.

AJ. Þannig að það á að afsala bátnum yfir á þetta félag á Bahamas.

JJ. Hver átti þetta félag?

AJ. Við erum alltaf að spyrja þig að því.

SM. Því það er verið að tala um ykkar eignarhlut í bátnum, sem eigi að afsala yfir á þetta félag.

JJ. Ég veit ekki hvað þarna er verið að tala um, eða hvað átti að gerast. Ég mæli með því að þið talið við, ef að Miramar hefur einhvern tíma komið upp í frágangi á bátnum við Jón Gerald, að þá er það væntanlega eitthvað sem Kristín hefur komið að, ég man ekki eftir að Miramar hafi verið nefnt í því tilfelli, enda var hann ekki skráður í Delaware þetta New Viking?

AJ. Jú, það er verið að tala um afsal.

JJ. Það er dálítið mál, ef þú ætlar að flytja til Bahamas eignarhaldið á honum, þá er það meira en að segja það, þá ertu kominn út úr lögsögunni og erfitt að hafa... einhvern tíman heyrði ég það.

AJ. Veistu hvernig Tryggvi tengdist þessu félagi?

JJ. Hann fór með okkur til Bahamas.

AJ. Ykkur hverjum?

JJ. Mér, þetta er nú góð spurning, hvort það hafi verið ég, Jim og Jón Gerald.

AJ. Jim, hvern ertu þá að tala um?

JJ. Jim Shafer. Ég man allavega að ég og Jón misstum af vélinni sem þeir fóru í, flugum þarna á einhverri smá rellu yfir, þetta var líklegast 1997.

AJ. En tengsl Tryggva við félagið þá, þú ert að vísa í hann með skýringar á þessu, hvaða tengsl hafði hann við þetta félag?

JJ. Ég held að hann hafi bara stofnað það á sínum tíma þegar hann var hjá KPMG.

AJ. Já og þú ert að tala um að þið hafið farið inn á skrifstofu þar, var það í þeim tilgangi að stofan félagið kannski?

JJ. Ég held það. Það er best að segja að ég man það ekki alveg.

AJ. Þér er ekki kunnugt um hvert er eignarhald þessa félags í dag eða hvort það er starfrækt í dag eða til?

JJ. Ég hef ekki hugmynd um það. Ég hef allavega ekki séð nafnið bregða fyrir.

Við gerum þá stutt hlé og skiptum um spólu klukkan 20:05.

Klukkan er 20:08.

AJ. Jón, það eru hérna tvö exelskjöl sem við kynnum þér. Þau eru bæði af heimasvæði Tryggva á netþjóni Baugs og annað heitir Víkingur og hitt heitir Víkingur II. Ég ætla að spyrja þig að því hvort að þú hafir tekið þátt í að semja þessi skjöl?

JJ. Ertu að spyrja samdi ég skjalið. Nei. Hef ég séð það einhvern tímann. Já.

AJ. Geturðu nokkuð gert grein fyrir því hvernig þessi skjöl urðu til og hvernig þessar tölur urðu til sem eru á þessum skjölum?

JJ. Þessar tölur, er það ekki... "útlagt." Er það ekki það sem Gaumur hefur útlagt.

AJ. Þá ertu að tala um Viking I eða II?

JJ. Þú sagðir áðan að samkvæmt því hefði ég sagt 15 þúsund dollara. Það standa 7.500 þarna.

AJ. Að þið hafið lagt 15 þúsund, er það ekki saman. Var ég ekki að segja það?

JJ. Okey, var það saman. Ég samdi ekki þetta skjal. Þetta er einhver pæling í þessari uppborgun.

AJ. Já.

JJ. Er þetta kannski í skjalinu með hinu eða?

AJ. Nei, þetta er samið á sama degi 8. desember.

JJ. Ég skil ekki hvernig menn í "retailbransanum" geta verið að semja svona skjöl í desember. Er það af einhverju tilefni, er hann...

AJ. Það er það sem við erum að spyrja um, hvort að... eins og við höfum spurt um áður, hvort það hafi verið einhverjir fundir þar sem þið hittust og veltuð þessum bátamálum fyrir ykkar í lok ársins 1999. Jón Gerald hefur jú sagt það að það hafi verið fundur þar sem þið hafið hist og sett upp einhverja áætlun í þá átt sem að þetta skjal sem heitir: "Það sem þarf að gera" lýsir, textinn þarna þessir fjórir



07011

punktar. Það hafi verið sú áætlun sem að þið hafið komið ykkur niður á, þú og Tryggvi og hann.

JJ. En af hverju gekk þá ekkert... Það gekk ekkert eftir af þessu sem er á blaðinu. Ekki neitt.

AJ. Það er það sem við erum að spyrja um?

JJ. Ég segi, ég hef ekki séð þetta og ég setti ekki saman þessi gögn. Ég kannast við þessar tölur þarna bara frá því sem að Gaumur... Það styður það sem ég sagði að þetta væri einhverjar fjörutíu og eitthvað milljónir.

AJ. Þessi fundur sem hann er að vísa til og einhver áætlun sem var gerð um... þessi áætlun sem var gerð um bátinn...

JJ. Á þessum tíma tókumst við Jón á um uppgjörið á þessu, það er alveg klárt. En hvar það var nákvæmlega, skal ég ekki segja.

AJ. Tölvupóstur 4. janúar, sem að Tryggvi sendir til þín...

Verjandi: Hvaða ár?

AJ. 2000, 4. janúar 2000. Hann er að senda til þín þarna samskipti hans og Jóns Gerald og það er þarna kannski fyrst punktar aftast. Punktur númer 5... Þetta er 3. janúar fyrirgefðu, 3. janúar, punktur númer 5, ef við byrjum á því. Þá segir hann Tryggvi við Jón Gerald: "Svo eru það bátamálin. Ég lét þig fá töflu um daginn þegar þú varst hér sem að sýndi hvað hvor aðili hefði greitt mikið í bátnum. Þú taldir að fjárhæðirnar hefðu verið rangar og ætlaðir að skoða það betur þegar þú kæmir út, ertu búinn að því." Hann svarar: "Ég hef ekki farið yfir bátagreiðslur, en mun gera það fljótt. Ég er að fara til Chicago á sýningu í janúar. Láttu vita hvort þið komið til Miami Florida." 4. janúar, þá sendir Tryggvi til þín póst og segir: "Jæja, þá er komið að ákvörðunartöku varðandi hlutabréfakaup Jóns Geralds. Bátamálið er í biðstöðu hjá honum þar sem hann er að reyna að finna nýja pappíra sem sýna að hann hafi greitt meira en hann áður taldi og var búinn að upplýsa mig um." Þú svarar honum og segir: "Ég talaði við Big Joe í gær. Hann kannaðist ekki við að hann hefði lofað að hann fengi 30% hlut. Okkar tillaga er þessi. Hann fær 20% hlut, 50% hlut í hagnaði frá 1.127.000 dollurum. Hann borgar 20% í kostnaði. Að auki lánum við honum 7,5 milljónir í Nýbrauði á 7% vöxtum. Með þessu teljum við hafa komið mikið til móts við hann. Hann

má ekki gleyma að þetta bátamál hefur ekki verið eintómt puð fyrir hann, því ætluð notkun á bátnum sé 80% hann og 20% við."

JJ. Sama og ég hef sagt.

AJ. Þú skrifar undir.

JJ. Í sáttarhug.

AJ. Tryggvi svarar þér og segir: "Þetta gengur ekki upp við fyrri orð þín við Jón Gerald. Þú varst búinn að samþykkja að hann fengi 50 þúsund dollara í þóknun fyrir fyrri tíma. Það þýðir sirka 26% hlutur. Ég held að ég, þú og Big Joe ættum að hittast og ákveða lausnina." Ef við bökkum aðeins og förum yfir þetta og ég spyr þig hérna út í nokkur atriði varðandi þennan póst. Í fyrsta lagi, hvaða töflu er hann að vitna í þegar hann segir við Jón Gerald "ég lét þig fá töflu um daginn þegar þú varst hérna." Veistu það? Yfir bátamálin?

JJ. Ég veit það ekki.

AJ. Hvernig skýrirðu það sem þið eruð að tala um þarna varðandi Nýbrauð. Þú ert að blanda þessu þarna inn í. Prósentuhlut í bátnum og að auki lánar þú honum Nýbrauð 7,5 milljónir...

JJ. Við lánum honum fyrir eignarhluti í Nýbrauð.

AJ. Hvernig tengist það þessu. Þið eruð að tala þarna um...

JJ. "Come on" við erum kannski að tala um... greinilega samkvæmt blaðinu hjá Tryggva ef hann hefur búið það til, þá erum við að tala um mörg mál á ólíkum toga sem er síðan verið að fjalla á milli. Maður skipti ekkert bara upp nú tölum við um Nordica og bara skeytið gengur út á það. Menn hafa bara verið að tala yfir víðan völl.

AJ. Það er bara annað mál segirðu?

JJ. Það er bara algjörlega annað mál.

AJ. Hvernig hérna... Þú segir þarna "ég talaði við Big Joe í gær" og setur síðan upp ákveðna prósentutölu. Hann segir: "Þetta gengur ekki upp við fyrri orð þín við Jón Gerald. Þú varst búinn að samþykkja að hann fengi 50 þúsund dollara í þóknun fyrir fyrri tíma." Hvað er hann að tala um hann Tryggvi?

JJ. Ég átta mig ekki á því. Er það eitthvað sem rekur sig í hitt skjalið?

AJ. Það er það sem við erum að spyrja um. Hvað þýðir 26% hlutur? Í öðru exel-skjalinu, þar er gert ráð fyrir að hann fái þóknun upp á 50 þúsund dollara. Það gerir 26% hlutur fyrir hann eins og þú sérð þarna frá Jóni Gerald. Ganga þessi samskipti eingöngu út á uppgjör eignarhluta Gaums í bátnum?

JJ. Þetta er bara á þeim tíma sem að menn eru að reyna að klára að fá peninginn sinn til baka. Þetta snýst um það.

AJ. Nú er... Nú er Gaumur að lána Nordica eða Jóni Gerald fyrir þessu. Af hverju á hann að fá einhverja þóknun fyrir fyrri tíma?

JJ. Ég veit ekkert hvað það var. "Fyrri tíma." Hvar segir "fyrri tíma?" það er Tryggvi sem segir "fyrri tíma."

AJ. Tryggvi segir það við þig.

JJ. Já.

AJ. Þetta er ein útgáfan af þessum exelpælingum. Hér er reiknað með 50.000 þóknun og það verður 26,45% eignarhlutur. Þetta er hann væntanlega að vitna í ekki satt.

JJ. Já.

AJ. Hann segir að þú hafir verið búinn að samþykkja þessa þóknun fyrir fyrri tíma og er að vísa í að það standist ekki það sem þú varst að segja áður. Við sjáum ekki alveg hvernig það kemur heim á saman við einhverja bara lán á peningum frá Gaumi til Nordica.

JJ. Er þetta ekki bara einhver þóknun fyrir að stýra bátnum og allt það saman sem hann hefur gert þegar við vorum að nota hann.

AJ. Nú á hann bátinn sjálfur. Ertu að meina að hann hafi bara verið á launum hjá ykkur persónulega?

JJ. Nei, bara þú veist... Þegar við vorum að nota bátinn, þá var hann að keyra hann og svo framvegis og sigla honum.

AJ. Þú ert að giska á þetta, þú ert ekki viss eða hvað?

JJ. Það er það eina sem ég get verið að borga mönnum þóknun fyrir.

Sveinn Ingiberg: En þessi 50.000 samkvæmt þessum tölvupósti, þá er það vigtað sem eignarhluti í bátnum. Þannig að eignarhlutur...

JJ. Er þetta ekki ein leið á að borga.

AJ. Við spyrjum?

JJ. Ég spyr eða ég svara þannig.

AJ. Segðu mér, hvernig stendur á að Tryggvi er að rukka inn fyrir Gaum?

JJ. Ég held bara að hann hafi verið að leysa einhver... hjálpa Jóni að klára einhver mál. Ég held að það hafi aðallega verið Jóns megin af því að mér sýnist nú hann vera í þessum samskiptum og að vera að koma því sem skiptir mig einhverju máli og spyr mig um það. Ég held að hann sé frekar Jóns megin í einhverju hjálpar... Bara klára mál svo að menn gætu haldið áfram.

AJ. Klára mál svo að menn gætu haldið áfram?

JJ. Klára þú veist... Það var orðinn mjög mikill pirringur á þessu ástandi, engin lausn.

AJ. En hvernig stóð á því, að það var bara ekki einhver fulltrúi Gaums, var ekki að innheimta þessa peninga á þessum tíma. Voru einhverjar innheimtuaðgerðir af hálfu Gaums á þessum skuldum?

JJ. Þú verður aðeins að átta þig á því að... Ætli menn hafi ekki litið á Jón bara sem mjög náinn félaga á þessum tíma. Menn voru ekkert með lögfræðingana í bunum á eftir honum, menn hins vegar ítrekað töluðu um þetta þegar við hittumst að það þyrfti að ganga frá skuldinni við Gaum á einn eða annan hátt.

AJ. Hver var framkvæmdastjóri Gaums á þessum tíma?

JJ. Kristín.

AJ. Veistu hvort að Gaumur eða framkvæmdastjórinn eða starfsfólk Gaums beitti sér fyrir einhverjum innheimtuaðgerðum vegna þessa máls. Þetta er mjög sérkennilegt að aðstoðarforstjóri Baugs sé að eyða vinnu í að innheimta fyrir Gaum.

JJ. Mér finnst þetta miklu frekar virka þannig að það var orðið mjög stirrt á milli okkar Jóns á þessum tíma og Tryggvi var að reyna að koma því í lag með því að reyna að finna lausn á málinu frá hans hendi.

AJ. Þér er ekki ljóst hvort að eða þú veist ekki hvort að Gaumur...

JJ. Ég veit alveg að systir mín hringdi í mig nokkrum sinnum út af þessu máli og hvað væri að gerast.

AJ. Við höfum hvergi séð nefnilega í þessum samskiptum neinar tilraunir af hálfu Gaums til að fá þessar greiðslur til baka.

JJ. Hver er Gaumur. Við þurfum líka aðeins að fara í gegnum það. Ég er stærsti eigandinn í Gaumi og ég gerði margar tilraunir til þess að fá þetta greitt eða gengið frá þessu. Það stenst ekki skoðun að Gaumur hafi ekki komið nálægt þessu.

AJ. Við skulum þá vinda okkur í næsta. Það er póstur frá 8. janúar. Það segir á milli Tryggva og Jóns Geralds. Tryggvi sendir á Jón og segir: "Sæll ég fékk frá þér tvo reikninga á faxi í gær. Annar var á mig vegna ferðakostnaðar og hefur þegar verið sendur til greiðslu. Hinn er stílaður á Jón Ásgeir vegna bankakostnaðar, lögfræðiþjónustu og fleira. Tengist það Thee Viking? Ef svo er, þá minni ég þig á að þegar við hittumst síðast þá lét ég þig fá memo þar sem meðal annars kom fram að framvegis ættirðu að senda mér reikning sem stílaður er á Baug. Textinn á reikningnum kom fram á blaðinu. Ef þetta er reikningurinn vegna Vikingsins, sendu mér þá nýjan með þessu formi. Kveðja Tryggvi." Getur þú skýrt þetta hvaða reikninga hann er að senda á þig sem hann á síðan að draga til baka og breyta. Hann minnir þarna á eitthvað memo og segir "framvegis." Hann er að tala fram í tímann. "Framvegis áttu að senda mér reikning og stíla hann á Baug." Geturðu skýrt það?

JJ. Er það vegna banka og lögfræðiþjónustu eða?

AJ. Thee Viking, er það ekki?

JJ. Nei, hann segir "stílaður á Jón Ásgeir vegna bankakostnaðar og lögfræðikostnaðar."

AJ. Hann spyr: "Tengist það Thee Viking? Ef svo er, þá áttu framvegis að senda það á mig samkvæmt þessu memoi og stílað á Baug."

JJ. Þú getur lesið það út úr þessu, ég les það ekki út úr þessu.

AJ. Hvað lestu út úr þessu?

JJ. Er hann ekki að tala um hérna það sem er stílað á Jón Ásgeir vegna bankakostnaðar og lögfræðiþjónustu, tengist það Thee Viking.

AJ. Já. Tryggvi er að segja þarna við Jón Gerald að framvegis eigi hann að senda reikninga...

JJ. Hvaða reikninga?

AJ. Vegna Thee Viking til hans og stílaða á Baug og hann vísar í texta á einhverju memoi. Þetta virðist vera mjög ljóst.

JJ. Þetta er alveg ofboðslega óljóst eins og ég sé þetta.

AJ. Er það?

JJ. Já.

Sveinn Ingiberg: Við getum sýnt þér til að hjálpa þér að sjá þetta í einhverju skýrara ljósi. Þá er þetta reikningur frá Nordica sem er stílaður á Gaum, merkt þér og er vegna bátsins.

JJ. Er þessi reikningur borgaður af Baugi?

SI. Nei, þetta er reikningur frá þeim tíma þegar Gaumur var ennþá að borga reikninga frá Nordica. Hérna sérðu sundurliðunina. Það er lögfræðikostnaður, bankakostnaður, nákvæmlega það sem Tryggvi er að tala um. Það virðist sem Jón Gerald hafi sent svona reikning í janúar eins og áður hafi verið og Tryggvi sé að segja: "Heyrðu reikningurinn á ekki að vera svona."

JJ. Lánaðu mér blaðið frá endurskoðandanum. Þetta stenst ekki skoðun í samræmi við það. Þú ert með blaðið þarna sem endurskoðendurnir tóku saman varðandi "ritman" í greiðslunum.

AJ. Það sem við erum að sýna þér með þessu... Við erum að vekja athygli þína á því að inn í þessum bátakostnaði var lögfræðikostnaður, bankakostnaður, lögfræðiþjónusta vegna ágreinings um kaup á þessum nýjasta báti meðal annars. Þar er Gaumur að greiða þannig að þetta getur allt passað.

JJ. Þetta fór þá inn á viðskiptareikning þá hjá Gaumi.

AJ. Já, þetta eru bara dæmi um reikninga sem að voru að berast til Gaums.

JJ. Hvar er þessi reikningur, hinn reikningurinn?

AJ. Við komum að því. Viltu sjá þetta yfirlit?

JJ. Finnst þér, já okey.

AJ. Þetta er önnur útfærsla bara. Tryggvi hefur í yfirheyrslu sagt að það sem hann er hér að tala um, þetta memo sem hann er að vísa til sé skjalið það sem gera þarf sem við vorum að tala um áðan þar sem að er útlistuð þessi áætlun um hvernig eigi að standa að greiðslum á þessum rekstrarkostnaði, afborgunum eða kostnaði við bátinn. Hann er raunverulega að segja að framvegis eigi að vísa í það. Við

spyrjum hann um memoið og hann segir að þetta er það memo sem ég á við í þessum pósti.

JJ. Memoið sem þið sýnduð áðan?

AJ. Já.

JJ. Ég, eins og ég segi, ég veit ekki hvað er verið að tala um hérna og ég mundi þá væntanlega taka þá skýringu sem að Tryggvi gefur á þessum pósti trúanlega vegna þess að ekki er hann sendur á mig þessi póstur.

AJ. Nei, okey.

JJ. Finnst ykkur ekki skrýtið ef að Tryggvi... Þið haldið bara að Tryggvi hafi verið svona í vinnu við að ganga frá einhverjum öðrum málum heldur en sem kemur í sambandi við þetta vöruhús. Mér finnst svo skrýtið af hverju ég fær ekki afrit af þessum póstum ef þetta er... eða Kristín hjá Gaumi ef þetta er einhver frágangur út af þeim málum.

AJ. Hér er póstur til Kristínar á milli hennar og Jóns Geralds og hann er dagsettur 31. október 2000. Þar segir hún: "Sæll, ég hef ekkert fengið frá þér vegna vísa-reiknings. Reikningur sem er til greiðslu nú um mánaðarmótinn er krónur 195 þúsund. Ég átta mig ekki á þessum kostnaði þar sem þú færð senda 12 þúsund dollara á mánuði frá Tryggva til greiðslu á bátakostnaði. Ég er að greiða um það bil 2,4 milljónir á ári í vísareiknings vegna báts. Ég vil fá skýringar á þessu, sundurliðanir á kostnaði, afborganir, viðhald, kostnað vegna bátaleigu, allt sem við kemur þessum bát. Við skulum fá þetta á hreint. Kveðja Kristín."

JJ. Þú verður að tala við Kristínu hvað hún er að tala um þarna.

AJ. Hér segir hún við Jón Gerald, hún er að furða sig á þessum vísareikningi sem hann er að senda af því að það héldu áfram reyndar að koma vísareikningar þrátt fyrir að það yrði sú breyting á þarna um áramótin að það féllu niður fastur kostnaður á bátnum til Gaums. Þá er hún að furða sig á vísareikningum áfram og segir við Jón, "þú færð senda 12 þúsund dollara á mánuði frá Tryggva vegna greiðslu á bátakostnaði."

JJ. Ég mundi bara spyrja hana um þetta. Ég get ekki ímyndað mér að sé verið að vitna þarna í sama hlutinn.

AJ. Þú veist ekkert hvað hún er að tala um?



07018

JJ. Ekki neitt og hvar hún hefur bátakostnað. Ekki nema að hún haldi að Nordica sé bara einhver bátaleiga.

AJ. Svo sérðu að... Hún sundurliðar, eða hann sundurliðar til hennar, svarar henni, hún biður um sundurliðun. Þar svarar hann og segir: "Afborgun er þarna 7.494 dollarar." Svo tekur hann þessa föstu greiðslur, Dockage, tryggingu, phone bill, direct tv og svo framvegis. Samtals útgjöld per mánuði 13.643 dollarar. Síðan kemur: "Það kemur alltaf einhver annar kostnaður, en allavegana þetta er sá kostnaður sem ég man eftir" segir Jón Gerald. Hann sundurliðar hérna kostnaði fyrir hana og sýnir henni fram á það að er þarna þrettánþúsund og sex til sjö hundruð á mánuði fastur kostnaður.

JJ. Ég er búinn að sjá þetta. Þið sýnduð mér þetta síðast. Ég verð bara benda ykkur að tala við Kristínu um hvað hún er að tala um þarna og neita því að við höfum verið að borga einhverjar... Ég vil bara benda á það sem ég sagði áðan. Þið eruð alltaf að spyrja mig um sama hlutinn. Fyrsta svarið mitt um þetta segir allt sem segja þarf. Það er nákvæmlega eins og...

Sveinn Ingiberg: Við erum að bera undir þig sönnunargögn og kynna þér það sem við höfum aflað í þágu rannsóknar málsins.

JJ. Já, já, ég bara... Mér finnst aðal sönnunargagnið vera það að Jón á þennan bát.

AJ. Hérna eru samskipti á milli ykkar Jóns Geralds 20. til 30. nóvember 2000. Það eru tölvupóstar. Það eru samskipti reyndar á milli þín, Jóns og Tryggva. Þú segir fyrst: "Sæll Jón, ég er á leið í bátinn verð kominn á miðvikudag, þá skilst mér að fólkið verði farið, hefði þurft Brian um helgina, það er að segja frá fimmtudegi til mánudags að sigla eins og hann kýs og eitthvað sem honum dettur í hug." Síðar þarna í þessari tölvupóstsyrpu, þá segirðu: "Sæll Jón Gerald, ég ákvað að vera í algjörri slökun, búinn að sofa og æfa mikið í þessari rigningu, svo er hlutabréfa-markaðurinn að fara með alla á taugum. Þurfum að hittast og fara yfir bátamálin þegar við komum til Íslands." Þetta er í nóvember 2000. Þetta hljómar eins og þú sért að fara í þinn eiginn bát. Þú sért að tilkynna honum að þú sért að fara í bátinn þinn og þú ert ekki að biðja um sérstakt leyfi þarna.

JJ. Ég skal bara sýna þér pósta þar sem ég er að biðja um leyfi til þess að fara í bátinn. Ég á þá til.

AJ. Já, já, okey.

JJ. En á móti kemur þegar þú kemur með svona fullyrðingu, áttu einhvern póst þar sem að Jón spyr okkur meinta eigendurnar um hvort hann megi nota bátinn? Þetta er lykilatriði af því að ef að við værum eigendurnir, þá væri hann að spyrja okkur um afnot af okkar eign.

AJ. Þetta er komið á framfæri þessi ábending. Svo er þarna tölvupóstur dagsettur 30. nóvember 2000 frá þér til Jóns og Tryggva. Þetta er eiginlega í beinu framhaldi af því sem við vorum að tala um áðan. Þá segirðu: "Eftir heimsókn í bátinn og eftir samtöl við Brian, er ljóst að það ástand sem er í dag á þessum málum getur ekki gengið. Báturinn er notaður í sex vikur á ári og sá kostnaður sem við erum að greiða á ári eru um 7 milljónir miðað við gengið í nóvember." Um hvað ertu að tala þarna?

JJ. Ég veit það ekki.

AJ. Þetta er í lok nóvember 2000.

JJ. Þarna er ég að vitna í.. Hvað vorum við búnir að borga frá Gaumi á ári í bátinn plús það sem við vorum búnir að borga þarna á árinu?

AJ. Það er alveg pottþétt mál að það eru engar 7 milljónir á ári sem þið eruð að borga fyrir þennan bát fyrir árið 2000?

JJ. Af hverju segirðu það. Við erum að borga 7 milljónir... Hvað borguðum við árið 1999 í bátinn, sem dæmi.

AJ. Gaumur?

JJ. Já, Gaumur?

Sveinn Ingiberg: Þú sérð það hérna.

JJ. Ég er að vitna í þessar hérna tölur.

AJ. Hvaða tölur?

JJ. Sem að við erum að borga þarna.

AJ. Þú ert að vitna í það sem Gaumur hefur verið að greiða.

JJ. Já, ég get ekki verið að vitna í neitt annað.

AJ. Nú liggur það fyrir að árið 2000 er Gaumur ekkert að greiða nálægt 7 milljónum í bátinn.

JJ. Ég held að ég hafi ekki verið töluna á hraðbergi.



07020

AJ. Af hverju er þér svona umhugað um að nýting bátsins verði góð. Þú ert að koma þarna með heilmiklar áætlanir um það hvernig eigi að nýta bátinn, það sé ómögulegt að hann sé svona dýr í rekstri.

JJ. Nei, nei, þetta var hugmynd frá Brian sem sagði að hann væri tilbúinn að "chartsera" bátinn.

AJ. "Chartsera hann", leigja hann?

JJ. Já. Ég held að ég hafi búið til eitthvað exelskjal og sent honum mína hugmynd.

AJ. Í hvaða tilgangi ertu að velta þér þessu fyrir þér fram í tímann hvernig á að fara með þennan bát. Þetta er ekkert þinn bátur?

JJ. Ég er bara að reyna að fá mína eign til baka eins og ég segi þarna. Stendur upp á þig..

AJ. Þú ert að vitna í þarna: "Það er að ganga frá skráningu á bátnum yfir í annað félag."

JJ. Ég bara vitna í hérna... Þó að þetta sé tvær og hálf eða þrjár milljónir, ég meina, það er alveg... Ef ég væri að vitna í hina reikningana, þá væri ég að tala um 10, 12 milljónir ef það væri... ef að það væri talan sem ég væri með í huganum. Það stenst heldur ekki skoðun. Ég sagði... Þegar ég var á þessum tíma og talaði við þennan Brian sem var skipstjóri því að okkur Jóni kom orðið þannig saman að við gátum ekki siglt saman, þá kom upp þessi hugmynd, af hverju ekki bara leigið þið ekki bátinn og þá myndast einhverjar tekjur og þá er hægt að ganga frá þessum málum.

AJ. Já.

Sveinn Ingiberg: Það er nú ekki að lesa á þessum tölvupóstum að það sé eitthvað stirrt á milli ykkar á þessum tíma. Þið eruð að tala um að þú sért búinn að vera í algjörri slökun og ...

JJ. Nennti ekki að hitta hann.

SI. Og hann segir hérna: "Gott að þú gast slakað á" það virðist allt vera í góðu á milli ykkar.

JJ. Já, ég nennti ekki að hitta hann. Hann býr 5 mínútur frá staðnum sem ég var.

AJ. Það kemur fram í þessari póstasyrpu sem við sýndum þér að þú hefur farið með bátinn og látið verðmeta hann og ert að skoða einhvern annan bát og greinilega að athuga hvort að það sé grundvöllur fyrir sölu á bátnum.

JJ. Já.

AJ. Hvernig stendur á því, þegar þú ert þarna með lánsbát sem einhver annar á?

JJ. Þegar við vorum að skoða báta?

AJ. Í þetta skiptið, þá virðist þú fara til "Hideaway Yacht" og...

JJ. Ef ég man rétt, þá held ég að við höfum verð að ná í bátinn í "Hideaway Yacht." Hann hafði eitthvað skemmst hjá Jóni.

AJ. Jón virðist fá símtal frá "Hideaway Yacht" samkvæmt þessum pósti sem þið eruð með þarna...

JJ. Já, en stendur...

AJ. Bíddu, og hann er spurður að því hvort að það sé rétt að hann sé að selja bátinn af því að þú og Brian höfðuð komið með hann og rætt eitthvað um það við einhvern hjá þessum aðila.

JJ. Það bara kemur að því sama. Við vildum láta ganga frá þessu máli. Við sáum náttúrulega fram á það að Jón var ekkert að klára það að borga til baka þessa peninga sem við höfum sett til hans vegna bátsins. Þú hlýtur að sjá það á þessum gögnum sem að liggja. Hann á bátinn, við erum búnir að setja... Fyrir okkur eru 460 þúsund dollarar þó nokkrir peningar og þetta er bara í framhaldi af þeirri vinnu.

Sveinn Ingiberg: Svo segirðu líka hérna í póstinum: "Var litli báturinn sem er aftan á seldur og fór sá peningur í rekstur eða afborgun." Af hverju ert þú að pæla í því?

JJ. Ég man ekki hvað... það er örugglega bara í framhaldi af þessu hérna. Jón var farinn að selja bátinn í bitum og ætlaði ekki að borga okkur, þá var það náttúrulega áhyggjuefni fyrir mig.

AJ. Þú spyrð hvort að þetta hafi farið í rektur eða afborgun. Við erum að þráspyrja þig um þetta vegna þess að okkur finnst...

JJ. Ég mundi segja....

AJ. Að þessi grunur sé að rökum reistur.

JJ. Já, já, þá eigið þið bara að reisa hann á því sem þið teljið ykkur hafa.



07022

AJ. Það er nú okkar skylda að reyna svona að....

JJ. Öll gögn sem þið eruð með í höndunum segja annað. Öll gögn málsins, bókhaldsgögn, skráningargögn, eigendagögn, skuldir við Gaum.

AJ. Segja annað?

JJ. Segja annað.

AJ. Við þurfum að fara í gegnum þetta áfram. Tölvupóstur 16. til 19. mars milli Jóns Geralds og Tryggva. Við minnum náttúrulega á að Tryggvi er aðstoðarforstjóri Baugs. Sá sem hefur umsjón með fjármálum fyrirtækisins og bókhaldi. Jón Gerald sendir honum póst og segir: "Sæll Tryggvi, geturðu látið mig vita hvort búið er að senda fyrir Viking þar sem ég er búinn að ganga frá öllu og svo er báturinn í slipp og ég þarf að ganga frá því í næstu viku. Kveðja frá Miami."

JJ. Ég verð bara að segja eins og ég sagði síðast þegar ég sá þennan póst, ég get ekki skýrt... Hann hlýtur að vera að tala um einhver tvö mál í sömu setningunni. Ég sé ekki annað.

AJ. Hann bregst við þessari fyrirspurn hans Jóns Geralds um Viking með því að segja að hann sent frá sér alla reikninga og sendir síðan póst á fjármálastjóra Baugs og segir: "Var ekki örugglega búið að greiða alla útistandandi reikninga á Nordica." Og hún svarar hún Linda og segir: "Ég veit ekki betur en að allt sé greitt." Hann svarar síðan Jóni Gerald og segir....

JJ. Áframsendir hann þennan póst til Lindu?

AJ. "Samkvæmt þessu á allt að vera greitt til þín, láttu mig vita ef það stenst ekki." Segir hann.

JJ. Sendir hann þennan póst til Lindu, eða sendir hann hann til Kristínar?

AJ. Ég ætlað að sýna þér þar sem að samskiptin fara fram. "Var ekki örugglega búið að greiða alla reikninga útistandandi frá Nordica." Þetta er póstur dagsettur 17. mars. 19. mars fær hann svar frá Lindu og sama dag framsendir hann á Jón Gerald. Þarna erum við að tala um aðstoðarforstjóra og fjármálastjóra Baugs. Fyrirspurnir um bát... er um reikning vegna bátsins. Hann er í slipp...

JJ. Eða félagsins.



07023

AJ. "Báturinn er í slipp, er búið að senda mér fyrir Viking" segir hann. Viðbrögð aðstoðarforstjórans eru þau að hann spyr fjármálastjórann hvort að reikningar frá Nordica séu greiddir og hún svarar því að það sé allt greitt.

JJ. Já, okey, ég get nú lesið annað í þetta.

AJ. Hvað lest þú út úr þessu þá?

JJ. Getur hann ekki verið að biðja um svör við greiðslu á Nordicareikningum um leið.

AJ. Það er bara ekki það sem Jón Gerald er að spyrja um. Hann er að spyrja um hvort það sé búið að senda vegna Vikingsins vegna þess að hann var að koma úr slipp báturinn. Hann spyr fjármálastjórann: "Er búið að greiða alla reikninga frá Nordica." Sem sagt þessa mánaðarlegu reikninga, það voru ekki aðrir reikningar að koma eða hvað? Það er bara um eina tegund reikninga að ræða?

JJ. Á þessum tíma, ég veit það ekki.

AJ. Það var ekki, það liggur fyrir?

JJ. Nei, nei, ég bara mæli með því að þið spyrjið Tryggva Jónsson um þennan póst. Þessi póstur er ekki inn á mínu borði. Það eina sem mér dettur í hug, var hann að spyrja um Nordica í einhverju þessu tengdu.

AJ. Förum á næsta. Það er tölvupóstur á milli Tryggva og Jóns Geralds 27. mars til 12. apríl, það eru nokkur samskipti 2002.

JJ. Ætlið þið að fara að láta mig dæma um þessa pósta hans Tryggva, af hverju bara spyrjið þið hann ekki...

AJ. Við að sjálfsögðu spyrjum hann og alla aðra, en þú ert auðvitað grunaður...

JJ. Ég held að ég verð að segja minnst um það sem Tryggvi er að segja.

AJ. Þú ert náttúrulega grunaður um brot í þessu sambandi í fyrsta lagi. Þú ert í öðru lagi forstjóri Baugs og þess vegna spyrjum við um þetta. Hér eru þessi póstar sem ég var að nefna áðan, 27. mars til 12. apríl 2002.

JJ. Þarna var Davíð kominn í málið.

AJ. Byrjar aftast. Ef við förum í þennan langa eða hvað, er það ekki, nei, það er líklega, jú, jú, það er þetta. Ég ætla að lesa nokkur atriði sem ég ætla að spyrja þig um. Hann segir í framhaldi af okkar samtali, það er Jón Gerald sem sendir Tryggva. "Í framhaldi af okkar samtali til þess að geta haft bankann góðan, þá þarf ég að borga sirka 250 þúsund og ef ég get komist að samkomulagi við Jón

Ásgeir út af New Viking og selt honum minn hlut á 250 þúsund, þá færi það upp í þær skuldir sem ég er búinn að safna frá því að ég opnaði vöruhúsið." Tryggvi svarar og spyr: "Mundi 250 þúsund klára öll okkar mál, það er vegna báts og vöruhúss." Jón Gerald segir: "Ég get ekki séð hvernig 250 geti klárað bæði málin, ég er búinn að senda þér bókhaldið mitt og ef þú hefur farið yfir það, þá ætti það að sjást. Ég óskað eftir að fá 250 fyrir minn hlut í bátnum og svo vantar mig 250 til að getað borgað skuldir sem hafa orðið á því að opna vöruhúsið." Tryggvi segir: "Já, mér fannst þetta undarlegt, las þetta vitlaust úr póstinum þínum." Jón Gerald segir: "Já, ég fékk póstinn en ég get ekki svarað honum þar sem ég verð borinn út í næstu viku ef ekkert verður að gert. Það hafa komið tvær pantanir frá því í nóvember á síðasta ári, ég skil þetta ekki. Kveðja Jón Gerald." Tryggvi segir síðar: "Ég er búinn að undirbúa að láta senda þér greiðslu, ekki lokagreiðslu, heldur til að létta á þér, spurningin er hvað mikið á þessu stigi, dugar 100 þúsund. Kveðja Tryggvi." Jón Gerald svarar og segir: "Já, ég get gengið frá mörgum hlutum með 100 þúsund dollara, greitt húsaleigu, borgað laun og komið korni í gámi til Aðfanga." Tryggvi segir: "Ég læt senda þér 120 þúsund á mánudag. Sendu okkur reikning sem á stendur "Payment according til contract" og útbúðu síðan samning á milli okkar þar sem við erum að kaupa viðskiptasambönd, birgðir og framvegis. Við eigum eftir að klára fjárhæðina, en fyrsta greiðsla sé 120 þúsund. Tryggvi." Hann sendir síðan á Jóhönnu Waagfjörð fjármálastjóra sem er orðin þarna og segir: "Sæl Jóhanna í framhaldi af samtali okkar í dag þá mun Jón Gerald senda þér reikning að fjárhæð 120 þúsund dollara sem er fyrsta greiðsla upp í samning, senda þarf peninga strax á mánudag. Kveðja Tryggvi." Í fyrsta lagi, þá virðist það liggja alveg ljóst fyrir að Tryggvi er að gera einhvern samning við hann í einu lagi þar sem hann tilgreinir eða þeir báðir, bát og vöruhús og býður honum 250 þúsund fyrir þetta allt saman. Var einhver slíkur samningur í gangi eða samningaviðræður um einhverja eina fjárhæð fyrir bæði bátinn og vöruhúsið?

JJ. Á þessum tíma er allt komið í steik hjá Jóni. Þarna erum við farnir að fá bréf frá Flemings til að byrja með og síðan kom bréf frá Wall-Mart. Þarna var bara verið að segja, er hægt að klára þetta allt. Hann skuldar okkur verulegar upphæðir sem

átti að ganga á móti þessum vörum sem að voru í vöruhúsinu. Hann vill bara selja okkur vörumerkin, borga Gaumi og bara sleppa út úr þessu. Hann vill bara sjá eina lausn á þessu. Það var til einhver lengri póstur sem ég las um þetta sem að Tryggvi taldi þetta allt upp og...

AJ. Já, við komum að honum líklega næst. Við skulum bara vinda okkur beint í hann.

Við skiptum um disk, klukkan er 20:48.
Klukkan er 20:57 og við höldum áfram.

AJ. Við ætlum að kynna þér hérna Jón tölvupóstsamskipti milli Tryggva og Jóns Geralds áfram frá 8. til 13. maí. Við byrjum á því að skoða póst frá 8. maí sem er langur og þar er Tryggvi að stilla upp upplýsingum úr efnahagsrekningi New Viking og einhverjum fleiri gögnum virðist vera. Hann segir þarna í þessum tiltekna pósti 8. maí, töluliđ 2, síðast í tölulið 2 þegar hann er að tala um greiðslur vegna vöruhússins eins og það hefur verið orðað. "Ég er hins vegar tilbúinn að mæla með því við mína menn að greiða þér 150 þúsund í viðbót. Þá er fjárhæðin komin í 400 þúsund sem er hærri en það sem nam peningalegu tapi síðustu ára." Síðan segirðu í lið 3: "Samkvæmt efnahagsreikningi New Viking." Þá er hann farinn að tala um bátinn virðist vera. "Samkvæmt efnahagsreikningi New Viking nema skuldir í árslok 2001, 774 þúsund. Á því ári voru greiddar 144 þúsund í reksturinn." Síðan sundurliðar hann það. Þar fyrir aftan segir hann: "Sama gildir með árið 2000, það er afborganir og rekstur hefur verið greiddur héðan." Þetta er 8. maí 2002. Nú síðar heldur hann áfram og fer að... og svona fjallar um þetta. Þar neðar segir: "Nettóeign er því nú 525 til 725 þúsund dollarar miðað við framangreint verðmætamat. Ef við miðum við ársbyrjun 2000 þegar rekturinn var yfirtekinn héðan, er nettóeign líklega um 100 þúsund dollurum lægri." Síðar segir: "Þegar við förum yfir þessi mál í ársbyrjun 2000, þá vorum við sammála um að þú fengir 30% (þá var búið að taka tillit vinnuframlags síns) og að við tækjum síðan yfir reksturinn að mestu leyti. Eins og þú manst þá fannst JÁJ þetta of hátt hlutfall." Í næstu málsgrein þar fyrir neðan segir hann: "Miðað við skuldir í ársbyrjun 2000, væri hlutur þinn 162 þúsund dollarar. Miðað við skuldir í árs-

byrjun 2001, væri hlutur þinn 175 þúsund dollarar. Miðað við skuldir í ársbyrjun 2002, væri hlutur þinn 188 þúsund dollarar." Síðan segir hann neðar í þessum pósti: "Ég legg til að þú fáir 200 þúsund" og rökstyður það síðan áfram: "Miðað við 1.400 þúsund dollara verðmæti þýðir þetta 37% eignarhlut miðað við ársbyrjun 2000, en frá þeim tíma hefur kostnaður verið greiddur hér að mestu leyti." Þetta er umtalsvert....

JJ. Kostnaður...

AJ. Að mestu já. "Þetta er umtalsvert hærri eignarhlutur en þú fórst upphaflega fram á svo ekki sé minnst á hugmyndi JÁJ í þessu sambandi." Þetta er eins og við sjáum frá 8. maí 2002. Hann marg tekur fram að reksturinn hafi verið tekinn yfir, sem sagt yfirtekinn afborganir og rekstur "héðan eða frá okkur" segir hann í ársbyrjun 2000. Síðan segir hann við Jón að hlutur hans er að hækka um 13 þúsund dollara á ári á milli áranna 2000, 2001 og 2002. Þarna í póstinum er talað um 162 þúsund dollara árið 2000, 175 þúsund dollara 2001 og 188 þúsund dollara 2002. Hvernig í ósköpunum fáið þið þá niðurstöðu út, þetta er nú löggiltur endurskoðandi?

JJ. Já, spurðu hann.

AJ. Ef að hérna Jón Gerald er sjálfur að leggja inn frá ársbyrjun 2000, eftir að Gaumur hættir að borga fastan kostnað, allan rekstrarkostnað bátsins og afborganir. Þetta virðist renna stoðum undir það sem að grunurinn byggist á, það er að greiðslan hafi komið einhvers staðar annars staðar frá heldur en frá honum sjálfur og það viti Tryggvi?

JJ. Já, ég veit ekki...

AJ. Það segir þarna í póstinum: "Ég legg til að þú fáir 200 þúsund dollara fyrir bátinn." Af hverju leggur hann það til, jú, hann segir: "Af því að frá ársbyrjun 2000 hefur kostnaðurinn verið greiddur héðan að mestu."

JJ. Er hann ekki að rugla þarna saman einhverjum liðum í þessari grein, ég var nú búinn að lesa þetta einhvern tímann.

Sveinn Ingiberg: Svo segir hann líka: "Á því ári voru greiddar 144 þúsund í reksturinn." Ef við deilum því niður á 12 mánuði, þá eru það 12.000 dollarar á mánuði sem er nákvæmlega fjárhæð reikninganna.

JJ. Þarna er hann að tala um New Viking, ég veit ekkert hvernig það er. Hérna er hann bara að tala um New Viking...

AJ. New Viking var nákvæmlega ekkert annað heldur en báturinn.

JJ. Eruð þið vissir á því?

AJ. Já, við höfum farið yfir það.

JJ. Ég spurði Tryggva um þennan póst og það sem hann sagði mér að hann hafi verið að búa til bara heildarpakka út af þessum uppgjörum á milli Baugs, Gaums og bara klára málið.

AJ. Það náttúrulega gengur ekki upp. Þú hefur séð og þú veist sjálfur hvað Baugur, nei, Gaumur var að greiða...

JJ. Já, enda er hann að gera þarna hluti sem að hann er ekkert búinn að fá samþykkt hjá mér.

AJ. Eins og hvað?

JJ. Hann er að segja, þetta eru einhverjar hugmyndir sem að er talsvert... "100 þúsund hærri eignarhlutur sem þú fórst upphaflega svo að það sé ekki minnst á JÁJ í því sambandi."

Sveinn Ingiberg: Hann er líka að fara yfir sviðið.

AJ. Hann er að fara yfir árið 2000, 2001 og 2002.

JJ. Já, já.

AJ. Þetta er í maí 2002 og hann er að tala um að reksturinn sé greiddur héðan og hann er að segja að á milli ára þá er eignarhlutur Jóns Geralds að hækka um 13 þúsund dollara. Ef að Jón Gerald hefði rekið þennan bát sjálfur og greitt afborganir og rekstur sjálfur, þá hefði eignarhlutur hans að sjálfsögðu hækkað mikið meira en það.

JJ. Ertu viss?

AJ. Ja, hvað finnst þér?

JJ. Nei, ég sé bara að eignarhluturinn minn hefði átt þá að rýrna skilurðu miðað við það sem ég var búinn að setja fram.

Verjandi: Snýst þetta ekki eitthvað um markaðsverð á bátnum og svona?

JJ. Jú, er það ekki. Áttu penna, ég ætla að setja smá reikning á blað.

AJ. Ég held að spurningin sé þessu...

JJ. Ef þú skuldar 700 þúsund dollara...

AJ. Jón, við skulum ekki vera að fara út í dæmi hvernig þetta gæti verið. Spurningin okkar er þessi. Greiddi Baugur bátinn með þessum tilteknu reikningum?

JJ. Nei.

AJ. Það var ekki?

JJ. Ég bara segi þér það sem að... En ítreka hins vegar að Jón með okkar vitund, höfum vitað að lífsstíll Jóns var kannski í flottari hætti, hann var flottur lífsstíllinn á honum og ég er alveg viss um að hann notaði um og of þessa fjármuni í annað heldur en að byggja upp þetta fyrirtæki.

AJ. Varst þú sem forstjóri Baugs, gerðir þú engar athugasemdir við það?

JJ. Ég gerði athugasemdir við það þegar ég fékk bréfið frá Wall-Mart, þá sá ég bara í hverslags steypu hann var. Bókhaldið var ekkert rétt eins og hann var búinn að leggja það fram fyrir mig og það er í maí 2002. Það voru endalausar lygar um stöðu mála.

AJ. Við skulum bara fara í maí... Fara í annan póst hérna sem að er frá... Ég held að við getum hlaupið yfir þetta. Ég stoppa hérna við...

JJ. Þetta er sami.

AJ. Þetta er sami já. Þessi síðasti póstur hérna, efsti, hann er frá Jóni til Tryggva 13. maí klukkan 20:00, klukkan 19:40. Þar svarar Jón Gerald Tryggva, hann svarar pósti Tryggva þar sem Tryggvi tekur fram að hann sé að senda honum 200 þúsund dollara eða býður honum 200 þúsund dollarar sem lokagreiðslu fyrir hans hlut í bátnum og segir að það sé talsvert meira heldur en hann, sem sagt Jón Gerald, hafi lagt í bátinn. Jón svarar honum og segir: "Í sambandi við þessa upphæð sem þú ert að tala um er ég ekki sammála að hún sé umtalsvert meiri en 200 þúsund og minni þig á uppgjörið sem ég sendi þér á sínum tíma." Og sundurliðar síðan þessi ár frá ´96 til 2001. Þar skráir hann það að Baugur hafi borgað þarna frá ´99 þessar greiðslur. Var þér kunnugt um það að hann hefði stillt þessu svona upp?

JJ. Nei.

AJ. Þetta er í samræmi við önnur uppgjör sem hafa komið og hann hefur verið að senda Tryggva. Hafði Tryggvi aldrei orð á því við þig að þær upplýsingar væru

að berast frá Jóni Gerald eða Nordica, að Baugur væri skráður greiðandi á rekstri bátsins?

JJ. Ég held að Tryggvi hafi ekkert skilið það þannig að Baugur væri greiðandi á rekstri bátsins, enda hef ég ekki séð neitt rekstrar... Einu tölurnar sem ég hef séð um þennan rekstur, er þetta sem þú sýndir mér áðan sem að var sendur á Kristínu. Ég hef ekkert sannreynt þær tölur. Það sem ég tek sem mið í þessu, miðað við þá eignarmyndun sem að virðist hafa átt sér stað í bátnum ef allir þessi peningar hefðu átt að fara í afborganir og þennan litla rekstur af því að hann var svo lítið notaður að Jóns sögn og að minni sögn eftir að hafa talað við Brian sem að sá um hann um tíma, þá meikar dæmið ekki sens. Hvað varð um alla þessa peninga ef þeir áttu að hafa runnið allir beint í bátinn. Þú sérð að eignarmyndun okkar fyrir þetta sem að við erum búnir að borga honum, lána honum, ég meina það er ekkert. Það er ekkert eftir miðað við að hann hafi keypt hann á 1.100 þúsund. Við erum kannski bara að tala um 900 kall discount í dag. Ég held að þetta sé þannig. Jón hafi tekið út úr Nordica til þess að greiða annan kostnað að auki skuldsetti Jón Thee Viking meira heldur en sem nam skuldinni sem var á bátnum. Þannig að það sem lögmenn okkar eru að finna út í dag, það er ekki króna í eign í þessu. Ég skil ekki ef að þessi peningar fóru allir í bátinn, af hverju hérna sá ekki hérna högg á þessum skuldum. Ef hann borgar niður eina skuld og tekur síðan aðra á móti á Thee Viking, nettótalan er sú sama. Ef þetta hefur verið... Það er annað sem ég vek athygli á ef að Tryggvi hefur verið að tala hérna um bátinn og svona eins og þið gefið okkur að þetta sé bara bátamál, hefði hann þá ekki sent mér afrit af póstinum.

AJ. Ég bendi þér á annað að 29. janúar, þá segir stjórnarformaður Baugs að hann hafi átt fund með þér, Jóhannesi og Tryggva, þar sem hann spyr ykkur um hvort að... Þetta er sem sagt vitnað í vitnaskýrslu sem hann hefur gefið hérna þar sem hann spyr ykkur um það hvort að eitthvað sé til í sögusögnum sem til hans hafa borist um að það séu vafasöm viðskipti um eitthvað athugavert eða misjafnt í viðskiptum Nordica eða Jóns Gerald Sullenberger við Baug eða stjórnendur Baugs. Það er nú fyrir þennan tíma og hann setur af stað, segir hann, með því að afhenda þér bréf og afhenda ytri endurskoðanda bréf um sérstaka innri rannsókn þar sem

hann segist hafa lagt meðal annars áherslu á það að þessi viðskipti við þennan tiltekna birgja, Nordica og forráðamanns hans yrði skoðuð út af þessum sögusögnum.

JJ. Út af sögusögnum, út af hótunum forsætisráðherra.

AJ. Við erum að skoða þetta í þessu ljósi hérna. Nú sjáum við það að það liggja fyrir upplýsingar að minnsta kosti hjá aðstoðarforstjóra Baugs um að hjá Nordica, þá sé það skráð að Baugur sé greiðandi að bátagreiðslunum. Í þessum pósti hérna sem er dagsettur 13. maí, þar er Jón Gerald að gera honum grein fyrir því að vegna bátsins, þá hafi Baugur sent þessar tilteknu fjárhæðir. Hefur aðstoðarforstjórinn aldrei vakið athygli á þessu og hefur þér verið ókunnugt um það allan tímann?

JJ. Að hann hafi borgað 205 þúsund í bátinn 1999?

AJ. Ég er að spyrja þessara spurninga?

JJ. Ég hef aldrei heyrt það. Ég hef aldrei heyrt það að... og hvað það ætti að vera í raun. Hvað væri verið að borga þar, 127 þúsund 2001. Það er bara...

AJ. Nú höfum við farið yfir gögn sem hafa verið send til fyrirtækisins til Tryggva og Tryggvi hefur greint frá því að hann muni hafa látið þig hafa gögn líka sem bera skýrt með sér að Baugur sé skráður greiðandi rekstrar vegna bátsins...

JJ. Hvaða gögn eru það?

AJ. Fyrirgefðu, ekki grípa fram í við erum að tala hérna inn á tape. Að Baugur sé skráður greiðandi afborgunar rekstrar bátsins í bókhaldi New Viking sem við sýndum þér hérna áðan, þessar 26 faxblaðsíður til dæmis. Hér sjáum við annan póst sem að er svart á hvítu í höndunum á Tryggva aðstoðarforstjóranum.

JJ. Það er bara best að Tryggvi skýri þetta út. Ég meina, hann hefur ekki sýnt mér þetta plagg. Í fyrsta skipti sem að ég sá þetta plagg var í þessum fyrsta pakka sem við fáum.

AJ. Vakti Tryggvi enga athygli á þessu þegar að þessi sérstaka innri rannsókn fer fram?

JJ. Nei, enda það var ekkert óeðlilegt við það að við værum að byggja upp Nordica á þeim tíma og það sem við höfum gert.

AJ. Ég er að spyrja þig út frá þessu hérna.

JJ. Út frá þessu, ég veit ekki nákvæmlega, þetta er póstur sem kemur frá Jón Gerald, þetta er ekki póstur sem kemur frá Tryggva og er ekkert svar frá Tryggva við þessu, þannig að ég get ekki dæmt um það.

AJ. Hann hefur ekki gert þér grein fyrir þessu og þú veist ekki til þess að hann hafi gert endurskoðanda, stjórn grein fyrir þessu í tilefni af þessari sérstöku innri rannsókn?

JJ. Ég vek athygli á því að þetta er nokkuð eftir að Hreinn kemur með þetta þarna 13. maí. Ég vek líka athygli á því að Tryggvi hefur í rauninni aldrei svarað þessu hérna, allavegana ekki miðað við þennan póst. Er til póstur einhvers staðar þar sem Tryggvi leiðréttir og segir að þetta er ekki samkvæmt okkar bókum?

AJ. Veistu það?

JJ. Ég mundi halda að þetta væri ekki samkvæmt okkar bókum.

AJ. Ég er að spyrja þig um það hvort að það hafi aldrei borist, þetta hafi aldrei borist þér til eyrna eða endurskoðanda eða stjórn félagsins?

JJ. Ég man eftir að endurskoðun gerði einhvern tímann athugasemd við það að Nordica reikningar væru ekki í frumriti. Í einhverju memoi sá ég frá Stefáni að hann var að segja að það mundi varla halda sem kostnaði og var bara að gera grein... tók Nordica sem dæmi að það væri erfitt að draga frá kostnaði eitthvað sem væri á faxi.

AJ. Þú hefur ekki svarað spurningunni hvort að einhvern tímann þér hafi verið gerð grein fyrir því að það væri verið að hnýta saman þessa tilteknu reikninga og bátagreiðslurnar í bókhaldi félaganna á móti. Eða hann liti þannig á hann Jón Gerald í þessum tölvupóstum að Baugur væri að greiða þetta. Það var jú búið að biðja um sérstaka rannsókn og ykkur var kunnugt um það samkvæmt því sem stjórnarformaðurinn hefur upplýst á viðskiptum þessarar tveggja aðila.

JJ. Já, já. Ég held að ég sem forstjóri... Stjórnarformaðurinn biður um rannsókn, þá er mjög einfalt kerfi sem fer í gang, það er ytri endurskoðun og innri endurskoðun sem fer í málið og eiga að svara hvað er í gangi. Ég veit ekki hvort það var búin til skýrsla eða hvernig það var.

AJ. Þetta er sama daginn, það er mikið að gerast þennan 13. maí og í kringum þann tíma.

JJ. En er svar við þessum pósti?

AJ. Við ætlum ekki að svara því. Við erum að spyrja þig. 13. maí er póstur frá Tryggva til Jóns Geralds þar sem að Jón segir: "Sæll Tryggvi, báturinn var að koma úr slipp, þetta er það árlega sem þarf að gera og þetta er total 16.808,80, hvernig viltu að ég sendi þér reikninginn." Tryggvi spyr: "Var ekki gert ráð fyrir þessu í 12 þúsund dollara fjárhæðinni. Ég hélt að þegar við vorum að ákveða þá fjárhæð, þá hefðum við tekið allan rekstrarkostnaðinn með, þar með talið þetta, er þetta misskilningur hjá mér." Hann svarar því hann Jón Gerald og vísar í efnahagsreikning New Viking þar sem hann segir: "Fyrir árið 2001, þá hafi heildarkostnaðurinn verið 175.758 dollarar, af þessu borgaði Baugur 144 þúsund dollara." Er hægt að skilja þetta einhvern veginn öðruvísi en á einn hátt? Hvað segir þú sem forstjóri og grunaður í þessu máli um þessi samskipti?

JJ. Hvar kemur fram að þetta sé hérna... Er þetta sem sagt Thee Viking, hvar kemur það fram?

AJ. Í efnhagsreikningi frá árinu 2001, það liggur fyrir að Tryggvi hafi fengið nokkru áður...

Sveinn Ingiberg: Tryggvi lýsir í póstinum 8. maí.

AJ. Við förum í þennan póst þarna 8. maí, já. Þar vísar hann í efnahagsreikninginn 2001 sem hann er með í höndunum og er að reikna út úr.

JJ. Ég mundi segja að... Er þetta Thee eða New Viking reikningur?

AJ. (Óskýrt).... er þarna 2001?

JJ. Já?

Sveinn Ingiberg: Þetta er rekstrarreikningur.

JJ. Hvar er hann? Stemmir þetta alveg? Það getur ekki verið að Baugur hafi borgað inn á þetta félag 144 þúsund dollara.

AJ. Árið 2001, þá borgaði Baugur 144 þúsund dollara fyrir reikninga með þessum til-tekna texta manstu. Það er óumdeilt.

Sveinn Ingiberg: Hérna er efnahags- og rekstrarreikningur fyrir New Viking fyrir árið 2001.

JJ. En er ekki óumdeilt að Gaumur hafi líka borgað 2001 til New Viking. Ekki er það að koma inn í þessar tölur. Hann segir að þetta sé mismunurinn sem eigi að borga.

AJ. Ég heyri á þér að þú ert að reyna að rýna í þetta og að reyna að skilja þetta. Ég er ekki að spyrja um það, ég er ekki að biðja þig um að "analysera" þetta...

JJ. Nei, ég bara... Ef þú ert að spyrja mig að þessu, þá bendi ég bara á það sem ég sagði hér í upphafi og hef til staðfestingar gögn um tap á rekstri Nordica á hverjum mánuði sem eru undirbúin af Jóni.

AJ. Vissir þú um þetta, þessi samskipti þarna?

JJ. Nei.

AJ. Það kom reikningur í beinu framhaldi af þessum samskiptum...

Sveinn Ingiberg: Hann er dagsettur 22. maí og hann er nákvæmlega upp á þessa fjárhæð sem getið er um þarna í tölvupóstinum.

AJ. 16.808,80 dollarar.

SI. Og ef þú sérð textann með reikningnum "contract fee for retail services." Sami textinn og er á öllum hinum reikningunum.

JJ. Ég kann ekki að skýra hvað þarna er á ferðinni.

SI. Þetta ber allt að sama brunni.

JJ. Þetta ber að sama brunni. Þetta er það eina sem ég sé að beri að sama brunni.

AJ. Þú ert að tala um tölurnar sjálfar eða?

JJ. Já.

AJ. Okey, en þú getur ekki skýrt þetta að öðru leyti eða?

JJ. Eins og ég segi, þarna á þessum tíma, ég veit ekki hvað... hvorki hvað var komið í gang hjá Jóni eða... En þetta er um það leyti að ég var algjörlega búinn að missa þolinmæðina gagnvart honum þannig að ég held að Tryggvi hafi nú kannski verið að hjálpa honum eitthvað í einhverjum málum. Ég stend harður á þessum 12 þúsund dollurum.

AJ. Þá ertu að meina hvað?

JJ. Þessum 12 þúsund dollara reikningum í hvað þeir áttu að fara.

AJ. Eins og þú ert búinn að lýsa áður.

JJ. Ja, það er ekkert í þessu sem að þú hefur sýnt mér hingað til, breytt þeirri afstöðu.

Sveinn Ingiberg: Það eru bara þessi orð Tryggva þegar hann er að svara póstinum frá Jóni Gerald, þá virðist hann nú skilja þetta á einn hátt varðandi þessa 12 þúsund dollara greiðslu.

JJ. Er ekki einhver ruglingur um það sem hann Tryggvi talar um rekstur, að það er þessi pakki Nordica og Jón Gerald.

AJ. Hann náttúrulega...

JJ. Ég meina, hann hlýtur að geta svarað því hvernig það er.

AJ. Já, hann hefur verið spurður um þetta.

JJ. Já, ég vænti þess.

AJ. Þá ætlum við að spyrja þig hérna um það sem við komum reyndar aðeins inn á áðan. Það er skýrsla sem að... framburður Hreins Loftssonar og annarra stjórnarmanna Baugs. Það fóru fram yfirheyrslur yfir þeim núna fyrir skömmu og í skýrslu Hreins Loftssonar sem að hann gaf hérna sem vitni og kom fram í framhaldi af umræðum á þingi 23. janúar 2002 og fundi forsætisráðherra nokkrum dögum seinna. Þá hafi Hreinn átt fund með þér, Jóni Ásgeir... Nei, fyrirgefðu, þér, Tryggva og Jóhannesi föður þínum þar sem hann greindi ykkur frá því að honum hafi borist til eyrna orðrómur eða upplýsingar um að, svo ætla ég að vitna orðrétt í framburð hans: "Ekki væri allt með felldu varðandi viðskipti forráðamanns Nordica í Florida og Jóns Ásgeirs eða Jóhannesar Jónssonar eða Baugs." Og þar hafi þetta mál verið rætt, þessi orðrómur eða þessar grunsemdir sem að honum voru tjáðar og hann hafi spurt ykkur hvort að ykkur væri kunnugt um eitthvað slíkt og í framhaldi af því þá hafi hann afhent þér bréf þar sem hann biður um sérstaka skoðun, meðal annars á viðskiptum við birgja og eignarhald hugsanlegt á birgjum...

JJ. Davíð sagði það að hérna...

AJ. Fyrirgefðu, bara svo að ég klári þetta. Síðan hafi hann nefnt sérstaklega Nordica í þessu efni.

JJ. Já.

AJ. Nú höfum við farið yfir ýmis gögn sem benda til þess að forráðamönnum Baugs hafi verið kunnugt um að, að minnsta kosti eins og við höfum verið að tala um

áðan, að það hafi verið litið þannig á hjá forráðamönnum Nordica að greiðslurnar fyrir bátinn kæmi frá Baugi og hann skráir það þannig.

JJ. Ég hef ekki séð nein gögn um það að hann skrái það þannig í sínu bókhaldi nema í þessum tölvupóstum.

AJ. Já. Hvaða...

JJ. Hvernig skráir hann þetta í bókhaldinu. Hvernig fara peningar á milli Nordica og Thee Viking?

Sveinn Ingiberg: Til að mynda hluta af þessu tímabili, þá fer þetta beint inn á bankareikning New Viking.

JJ. Sem eru hans greiðslur fyrir...

SI. Sem eru greiðslurnar sem eru byggðar á þessum reikningum frá Nordica...

JJ. En fyrirmæli, hvar koma fyrirmælin um hvert greiðslan á að fara. Er það ekki inn á reikningnum...

SI. Hann gefur leiðbeiningar um það inn á hvaða reikninga á að borga.

JJ. Já.

SI. Það er alveg augljóst að hann er að ráðstafa þessum peningum beint inn á reikning New Viking á tímabili.

JJ. Án okkar... það stendur hvergi að hann....

SI. Þú ert að velta fyrir þér hvernig hann ráðstafar þessu inn í New Viking, þá er allavegana ein skýring á því að hluta á tímabilinu, þá kem...

JJ. Þetta kemur hvergi fram þó að það sé reikningur Nordica og svo koma greiðslufyrirmæli og það stendur hvergi á reikningunum að þetta sé reikningur Thee Viking sem ætti þá að koma fram.

SI. Ég er að skýra þetta út fyrir þér. Þetta var svona. Þú ert að velta fyrir þér hvernig þetta fer inn í reksturinn hjá Viking.

JJ. Já, ég er líka að velta fyrir mér...

AJ. Jón, hvaða viðbrögð voru af hálfu ykkar í framhaldi af þessum fundi með Hreini?

JJ. Þau voru að endurskoðendur mundu fara yfir hérna öll mál við alla birgja. Hreinn segir við okkur þegar hann kemur af þessum fundi að það sé augljóst af orðum forsætisráðherra að við megum búast við einhvers konar opinberri afskiptum á



07036

félaginu. Í framhaldi af því er haldinn fundur með okkur Tryggva og farið yfir... ítarlega yfir samtalið.

AJ. "Samtalið." Hvað meinarðu?

JJ. Samtal Hreins og Davíðs þar sem Davíð talar um hækkun í hafi, talar um að við eigum Nordica, hann er mjög upptekin af því og ég hef náttúrulega heyrt þetta víðar þetta hjal frá honum. Já, ég meina þetta eru þær aðgerðir sem að fyrirtækið fer í í kjölfar af svona hótunum.

AJ. Fannst ykkur sem sagt engin ástæða til þess að upplýsa um... Nú liggur fyrir... við höfum talað um kreditreikning hér áður. Kreditreikningurinn sjálfur frá Nordica er auðvitað að minnsta kosti gallaður. Það er vitlaus texti í honum, vitlausar dagsetningar í honum. Hann kemur bara í símbréfi, það er engin frumrit reiknings. Færsluskjölin eru röng, bakfærslan er með röngum texta í færsluskjali og það er eitt og annað sem er athugavert við færslu reikningsins og meðferð þessa reiknings. Reikningseyðublaðið sjálft er ekki á meðal fylgiskjala í fylgiskjalamöppu Baugs og svo framvegis. Við höfum rakið hérna...

JJ. Ég hef nú skýrt það.

AJ. Við höfum rakið fyrir þér, ja, grunsamlegar greiðslur frá Baugi og út til þessara félaga í Miami og við höfum rakið fyrir þér tölvupósta þar sem menn eru að tala saman og það er ekki hægt að lesa annað út úr þeim en það sé verið að spyrða saman Baug og þennan bát.

JJ. Ég mundi segja að það væri verið að spyrða saman Baug, Gaum og þennan bát. Það fer náttúrulega eftir því í hvaða ljósi menn vilja lesa það.

AJ. En fannst þér þá í því sambandi og í þessu ljósi sem að við erum að tala um núna, það er að segja, þegar þessi innri rannsókn er hafin og búið að upplýsa ykkur um þessar upplýsingar sem að koma frá forsætisráðherra, fannst ykkur þá ekki ástæða til þess að draga þetta fram í ljósið og...

JJ. Endurskoðendur fóru í það að skoða það hvort það væri eitthvað óeðlilegt við þessi viðskipti, það er alveg ljóst. Hvort það væri eitthvað eignarhald eða með hvaða hætti það væri.

AJ. Hvað upplýstuð þið endurskoðandann um af því sem við höfum verið að tala um hérna?

JJ. Ég man ekki hvernig, ég held að Hreinn hafi sent honum bréf beint varðandi þetta mál og hann hafi þá svarað því beint til Hreins. Þarna er náttúrulega mál þar sem stjórnin er að biðja um endurskoðendur eða fulltrúi stjórnar, stjórnarfomaðurinn í þessu tilfelli, er að biðja um svör eða vill bara fá úttekt á fyrirtækinu.

AJ. Það sem ég er að tala um í sambandi við þessa úttekt er eingöngu það sem snýr að Nordica vegna það er hér til rannsóknar. Það er nefnt sérstaklega og því hafa stjórnarmennirnir lýst fyrir okkur að Nordica er sértaklega nefnt og það hafi hann sérstaklega verið beðinn um að staðfest endurskoðandinn, hann er sérstaklega beðinn um huga að meintum vafasömum viðskiptum Nordica við Baug eða einhverja forráðamenn Baugs.

JJ. Ég man eftir að hafa farið yfir með Hreini á fundi hvað Nordica væri, hvað þessi bátur væri og öll þau mál inn í Skútuvogi.

AJ. Já. Upplýstir þú hann aldrei til dæmis um það að það væri alveg ljóst á samskiptum við Jón Gerald að hann liti þannig á að Baugur væri að borga bátinn?

JJ. Ja, ég get ekki séð það að... Allavegana þau samskipti sem ég hafði undir höndum á þeim tíma, að það væri hægt að lesa í það að það væri eitthvað vegna bátsins. Mér finnst þetta síðasta uppgjör þarna sem kemur... Baugur tekinn saman í einhverja tölu við New Viking, ég veit ekki hvað það er eða hvað vakti fyrir Jóni á þeim tíma.

Sveinn Ingiberg: Nú virðist enginn af stjórnarmönnum hafa vitað af þessum mánaðarlegu greiðslum?

JJ. "Come on." Þetta er bara það sama og ég borga... Að ég fari að láta alla vita um einhverjar mánaðarlegar greiðslur og ráðgjafa sem ég er með í vinnu og fólk sem er að vinna fyrir mig í hinum og þessum verkefnum, það er bara fráleitt að það fari fyrir stjórn. Ég er að semja um tugi milljóna á hverjum degi og ég hringi ekki í stjórnina ef ég að fá... Má ég semja við Kaupþing að vinna þetta verkefni fyrir 50 milljónir eða 70 milljónir, eða hvað sem er, eða á ég að gera samning við Gallup um að tékka á þessu fyrir mig fyrir 2 milljónir á mánuði. Þetta er hneta og þess vegna bendi ég enn og aftur að þvílík krókaleið ef að menn ætluðu að koma 850 þúsund til Bandaríkjanna á mánuði, ef að þetta var leiðin.



07038

Sveinn Ingiberg: Þetta er nú hærra á tímabili, dollarinn var yfir 100 kall. Þetta er yfir milljón á mánuði, stór hluti af þessum peningum.

JJ. Við getum ákveðið hvort við tölum um dollara eða krónur.

AJ. Vill verjandinn bæta eitthvað við í lokin. Yfirheyrslunni er þá að ljúka núna?

Verjandi: Nei, tel ekki ástæðu til þess.

Þá ljúkum við yfirheyrslunni. Klukkan er 21:33.

Endurrit staðfest.

Arngrímur Ísberg
aðst. yfirl. þjónn
S. Magnússon

Athug. Þar sem endurritun ritara Héraðsdóms Reykjaness tafðist var það ekki kallaður sérstakl. til undirritunar og lesningar en honum afh. óundirr. endurrit til lesningar. Arngrímur Ísberg



07039

V/4.4

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | **SKÝRSLA**<br>YFIRHEYRSLA<br>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR | **RLS** |
|---|---|---|

| | |
|---|---|
| Skýrslu gerir<br>Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi | Mál nr.<br>006-2002-0086 |
| Staður og stund:<br>Reykjavík – Mánudaginn 31. mars 2003. Klukkan 16:30. | |
| Sakarefni:<br>Fjárdráttur – umboðssvik | |
| Sakborningur/grunaður:<br>Jón Ásgeir Jóhannesson | Kennitala:<br>270168-4509 |
| Starf/staða:<br>Stjórnarformaður Baugs-Group hf. | Vinnusími:<br>530-5520 |
| Lögheimili:<br>Laufásvegur 69, Reykjavík | Sími:<br>696-9999 |
| Dvalarstaður:<br>Sami | Sími: |

Jón Ásgeir er mættur til yfirheyrslu hjá efnahagsbrotadeild RLS samkvæmt boðun. Honum er kynnt sakarefnið, að hann sé grunaður um aðild að fjárdrætti og umboðssvikum. Ætluð brot tengjast fjármögnun og rekstri skemmtisnekkjunnar Thee Viking sem staðsett er í höfninni í Miami í Flórída, á árunum 2000 – 2002, en grunur leikur á að miklum fjármunum úr sjóðum Baugs hafi verið ráðstafað til að greiða afborganir og rekstur bátsins -Thee Viking.

Jóni Ásgeiri er kynnt að sem sakborningi sé honum óskylt að svara spurningum um sakarefnið eða skýra sjálfstætt frá nokkru er það varðar. Áminntur um sannsögli varðandi þau atriði sem hann kýs að tjá sig um og fyrir honum brýnt að draga ekkert það undan sem máli kann að skipta. Viðstaddur yfirheyrsluna er Helgi Jóhannesson, hrl. skipaður verjandi Jóns Ásgeirs.

**Reikningar Nordica Inc stílaðir á Baug.**

Undir Jón Ásgeir verða nú bornir þeir reikningar Nordica Inc. sem rannsókn málsins varðar. Hann er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningum og þeim viðskiptum sem þeir byggja á. Honum er jafnframt kynnt að þessir reikningar hafi allir verið gjaldfærðir í bókhaldi Baugs-Group hf.

1.
Undir Jón Ásgeir er borinn reikningur frá Nordica nr. 99064, sem dagsettur er þann 30.04.1999 að fjárhæð USD. 25.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Research and survey work for marketing in Florida area on supermarkets, warehouses and strip malls"

Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta tjáð sig um þessi viðskipti, þau hljóti að varða þau viðskipti sem getið er á reikningnum. Hann kveðst ekki minnast þess að hafa komið þessum viðskiptum með beinum hætti. Hann tekur það fram að hann hafi ekki áritað þennan reikning og ekki séð um að bóka hann.

2.
Undir Jón Ásgeir er borinn reikningur frá Nordica nr. #00, sem dagsettur er þann 18.01.2000 að fjárhæð USD. 8.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Ásgeir segir að þessi reikningur hafi verið borinn undir hann áður við rannsókn málsins. Jón Ásgeir kveðst visa í sín fyrri svör og skýringar á þessum mánaðalegu reikningum sem Nordica Inc stílaði á Baug. Um hafi verið að ræða verktakagreiðslur til Jóns Geralds eða Nordica Inc sem Baugur hf samþykkti að greiða til að styrkja fjárhagslegar stoðir Nordica Inc, sbr. það sem fram hefur komið í fyrri skýrslum.

3.
Undir Jón Ásgeir er borinn reikningur frá Nordica nr. 10, sem dagsettur er þann 02.02.2000 að fjárhæð USD. 9.250.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work". Auk þess "Hotel and travel exp. for January 2000."

Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Ásgeir segir sama svar eiga við um þessa föstu fjárhæð USD 8.000,- það sé verktakagreiðsla til Jóns Geralds eða Nordica Inc.

